



**„Hvað með börnin,“ sögðu allir. - „Hvað með börnin!“  
Siðafár í tónlist á Íslandi**

**Rebekka Blöndal**

**Lokaverkefni til MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku**

**Félagsvísindasvið**

**Febrúar 2017**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**„Hvað með börnin,“ sögðu allir. – „Hvað með börnin!“**  
***Siðafár í tónlist á Íslandi***

Rebekka Blöndal

Lokaverkefni til MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku

Leiðbeinandi: Arnar Eggert Thoroddsen

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2017

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Rebekka Blöndal 2017  
1908882159

Reykjavík, Ísland 2017

## Útdráttur

Í þessari greinargerðar er reynt að varpa ljósi á hvernig viðbrögð fólks á Íslandi voru þegar nýstárleg tónlist fór að hljóma úr lampaknúnum viðtækjum landsmanna. Svo virðist vera að ákveðið myndur endurtaki sig í tímans rás þegar ný tónlistarstefna kemur fram. Um er að ræða ákveðið hegðunarmyndur fólks í samfélaginu sem kallað er siðafár.

Siðafár er það tilfelli þegar eitthvað fyrirbæri, einstaklingur eða atvik er skilgreint sem frávik frá hinu heilbrigða og eðlilega í samfélaginu og veldur ótta og andstöðu. Frávikin geta verið matvæli, fatatíska, leikföng, sjónvarpsefni, glæpir, tónlist eða aðrir menningarkimar.

Menningarkimar ungs fólks hafa lengi verið skotmark í þessum efnun og er þá oftast en ekki talað um að sú menning sé andhverfa hins heilbrigða samfélags. Unglingamenning hefur í tímans rás verið skilgreind sem einhvers konar þjóðarskelfir, sjúk menning sem valdi siðferðisglötun og jafnvel hnignun tungumáls og þjóðmenningar.

Það sem einkennir siðafár er að ákveðnir „rétthugsandi“ einstaklingar finna sig knúna til þess að bjarga okkur hinum frá þessari aðsteðjandi ógn. Aðgerðir geta verið af ýmsum toga en það sem er áberandi eru skrif siðapostula, menningarfrömuða og annarra góðborgara, hræðsla fullorðinna, boð og bönn.

Í þessu verkefni er fjallað um viðbrögð við nýjungum í tónlist á Íslandi í gegnum tíðina. Sjónun verður beint að rokki, þungarokki og rappi. Niðurstöður er síðan settar fram í þremur útværpspáttum. Svo virðist vera að siðafár hafi verið ögn mildara hér á landi en annars staðar í heiminun, en best er að leyfa gögnunun að tala sínu máli.

## **Abstract**

The aim and purpose of this report, is to demonstrate how people reacted in Iceland when new music genres were introduced to the population. There seems to be repeated pattern every time a new music genre emerges. A certain behavioral pattern of people in the community, called moral panic.

Moral panic is the case when any object, person or event is defined as a deviation from the healthy and normal society and causes fear and protest. The deviation can be either a new kind of food, fashion clothing, toys, television, crime, new musical culture or other subcultures.

Subcultures of young people have long been targeted in this regard and often referred to as an inverse of a healthy society. Youth culture has often been identified as a threat to society. A sick culture that causes moral destruction and even the decline of the language and civilization.

What characterizes moral panic are the determined individuals who find themselves obliged to save the rest of us from the opposing threat of moral and cultural collapse. Actions can take various forms but most noticeable are legal actions and the writings of moralists and other cultural elites, causing fear among adults with all their dos and don'ts.

This project reflects on the population's response to new musical developments in Iceland in the past. The genres addressed are rock, heavy metal and rap music. The results are presented in three radio programs. It seems that moral panic was slightly milder in Iceland than elsewhere in the world. It is best to let the data speak for itself.

## Formáli

Verkefni þetta er lokaverkefni til meistaraþráðu í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands. Vægi þessa verkefnis eru 30 einingar eða ETC. Leiðbeinandi verkefnisins var Arnar Eggert Thoroddsen aðjúnt og umsjónarmaður grunnnáms í fjölmiðlafræði í Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands og doktorsnemi í tónlistarfræðum við Edinborgarháskóla.

Sem söngkona, tónlistarnemandi og –unnandi, kom lítið annað til greina en að rannsaka siðafár í tengslum við tónlist hér á landi. Rannsóknir á siðafári eru að mestu leyti óþlæggður akur á Íslandi. Víðast hvar í heiminum eru til skrif um þetta fyrirbæri í tengslum við tónlist og má þá nefna plötubrennur, siðapostulaskrif, hræðslu um glötun ungdómsins og siðspillandi áhrif banvænnar tónlistar.

Ég vil sérstaklega þakka leiðbeinanda mínum, honum Arnari Eggerti, fyrir dygga leiðsögn, uppbyggjandi og verulega ánægjulegt samstarf. Einnig vil ég þakka viðmælendum mínum sem tóku þátt í þessu stórskemmtilega verkefni og Ólafi Páli Gunnarssyni útvarpsmanni fyrir að gefa mér tækifæri til að spila afraksturinn í útvarpi.

Loks vil ég þakka fjölskyldu minni fyrir allan stuðninginn í þessu ferli.

## Efnisyfirlit

Útdráttur .....	3
Abstract .....	4
Formáli .....	5
1 Inngangur .....	7
1.1 Val verkefnis .....	7
1.2 Rannsóknarspurningar .....	8
1.3 Val á miðli .....	8
1.4 Markhópur .....	9
2 Hvað er siðafár? .....	11
2.1 Menningarkimar .....	11
2.2 Siðafár .....	13
2.3 Fjölmiðlar og frávik .....	14
2.4 Þátttakendur og þjóðarskelfar .....	16
3 Tónlist, útvarp og siðafár .....	18
3.1 Djass .....	18
3.2 Rokk .....	20
3.3 Þungarokk .....	27
3.4 Rapp .....	38
4 Gerð þáttanna .....	46
4.1 Viðmælendur .....	46
4.2 Viðtöl .....	46
4.3 Val á tónlist .....	49
4.4 Uppbygging þáttanna .....	53
4.5 Klipping og stúdíóvinna .....	53
5 Umræður og lokaorð .....	55
Heimildaskrá .....	57
Viðauki - Handrit	

## 1 Inngangur

Í þessari greinargerð verður farið yfir vinnuferli við lokaverkefni mitt í blaða- og fréttamennsku frá Háskóla Íslands. Lokaverkefnið samanstendur af þremur útvarpsþáttum ásamt þessari greinargerð. Efnistöð þáttanna verða hér skoðuð út frá fræðilegu sjónarhorni ásamt því að kynna lauslega innihald þeirra og niðurstöður.

### 1.1 Val verkefnis

Það er ótal margt í menningu okkar sem litið er hornauga af hinu „siðmenntaða“ fólki í samfélaginu. Nýir menningarstraumar sem teljast til svokallaðrar lágmenningar hafa í gegnum tíðina þótt valda skaða og ógna stöðugleika hins „eðlilega“ samfélags. Þessir menningarstraumar valda stjórnleysi og hafa umfram allt slæm áhrif á unga fólkið og ógna viðteknum gildum og venjum hins eldra. Það er alltaf þessi ótti við það sem er nýtt og óþekkt.

Hugtakið siðafár (*e. moral panic*) vakti fljótt áhuga minn þegar ég hóf nám við blaða- og fréttamennsku í Háskóla Íslands. Einföld skýring væri sú að siðafár sé viðbrögð við einhvers konar ógn við samfélagið. Þá stökkva svokallaðir siðapostular til og skrifa um aðsteðjandi ógn og hvernig hún komi til með að spilla ungu fólki. Þá er gripið til ýmissa aðgerða til að koma í veg fyrir þessa spillingu, með skrifum, boðum og bönnum (Cohen, 2002:1 - 20).

Nýir tónlistarstraumar hafa staðið í stríði svo áratugum skiptir við að fá viðurkenningu siðapostula og menningarvita (Arnett, 2003). Sagan endurtekur sig en nánast öll ný tónlist gengur í gegnum einhvers konar busavígslu áður en hún er viðurkennd meðal menningarvita. Þetta á við um tónlist eins og djass, rokk, rapp og nánast alla kima af þungarokki sem fyrirfinnast. Þessir tónlistarstraumar eiga það sameiginlegt að einhvers konar siðafár hefur skapast í kjölfar aukinna vinsælda meðal ungmenna. Tónlistin þótti spilla, hvetja til ofbeldis, kynferðislegrar hegðunar, trúleysis og hafa menn jafnvel gengið svo langt að ásaka tónlistarfólk um aðild að sjálfsmorðum eða glæpum vegna tónlistar þeirra. Þetta samspil tónlistar og hræðslu fólks í samfélaginu við það sem er nýtt er þekkt fyrirbæri alls staðar í heiminum (Cohen, 2002).

Þar sem ég er mikill tónlistarunnandi og nemandi í djass- og rokksöng við Tónlistarskóla FÍH, langaði mig að vita meira um viðbrögð fólks við hinum ýmsu tónlistarstefnum, þegar þær komu fram. Ég sótti námskeið í Háskóla Íslands sem ber heitið *Ómenning* og komst að því að siðafár vegna tónlistar áttu sér stað á Íslandi líka.

Siðafár á Íslandi áður fyrr tengdust mjög menningu og tónlist, sem talin var ógn við hina íslensku menningu, ættjarðarlögin, tungumálið og þjóðskáldin. Íslendingar sýndu til dæmis hörð viðbrögð þegar þeir heyrðu djasstónlist í fyrsta sinn og mótmæltu mjög. Þá þótti þessi



tónlist og dansinn sem fylgdi spillandi bæði fyrir ungt fólk og menningu landsins (Ólafur Rastrick, 2013). Síðar var það rokkið sem hristi upp í landanum með hávaðasamri tónlist og þótti íslenskt rokk vanvirða við þjóðskáldin þegar textar innihéldu vísanir ljóð þeirra (Gunnar Lárus Hjálmtýrsson, 2001:17-18). Einnig átti hið forboðna Kanaútlarp stóran þátt í því að kynda undir fári hvað varðar djass- og rokktónlist (Helgafell, 1954; Karl Jóhann Garðarsson, 2006).

Ég var mun fróðari um hugtakið síðafár eftir þetta námskeið og hafði líka leitað mér heimilda í bókum og gömlum blaðskrifum. Það var þá sem ég gerði þátt í samstarfi við Ríkisútvarpið um djasstónlist og síðafár á Íslandi sem spilaður var í *Fólk og fræði* á Rás 1. En mig langaði að vita meira og því ákvað ég að kynna mér þetta betur og hafa sem lokaverkefni í náminu. Ég valdi þrjár tónlistarstefnur sem ég vildi vita meira um og höfðu skapað usla annars staðar í heiminum og ákvað að kanna hvort Íslendingar hefðu brugðist við á svipaðan hátt. Verkefnið skyldi þá vera útvarpsþættir og yrði fjallað um eina tónlistarstefnu í hverjum þætti. Þær tónlistarstefnur sem urðu fyrir valinu eru rokk, þungarokk og rapp.

## 1.2 Rannsóknarspurningar

Lagt var upp með eftirfarandi rannsóknarspurningar;

- Hefur tónlist valdið usla í íslensku samfélagi? Hvernig þá og hvaða tónlist?
- Hvers vegna hefur tónlist nýrra stefna fengið litla sem enga spilun í útvarpi?
- Hvað segja viðbrögðin við nýrri tónlist um okkur sem þjóð?
- Hvað er það sem olli því að litið var niður á rokk, þungarokk og rapp þegar þessi tónlist kom fyrst fram á Íslandi?
- Höfum við lært eitthvað af reynslunni eða er síðafár vegna tónlistar sífellt að endurtaka sig?

Útvarpsþættirnir verða unnir með þessar spurningar að leiðarljósi og leitað svara við þeim.

## 1.3 Val á miðli

Útlarp er sá miðill sem varð fyrir valinu eins og fram hefur komið, en það liggur beinast við þar sem efnið er tónlistartengt. Með tónlist er einnig hægt að brjóta efnið upp og gefa því heildstæðari mynd. Tónlistin getur þá tengst frásögnum viðmælenda og blæs þannig lífi í þær. Á þennan hátt má fanga athygli hlustanda. Viðmælendur mega þó ekki vera of margir því það getur verið ruglandi fyrir hlustanda, því sumir hafa e.t.v. svipaðan raddblæ. Best væri að hafa að minnsta kosti tvo viðmælendur og alls ekki fleiri en fjóra í hverjum þætti.

Sjálfri þykir mér útvarpið svo persónulegur og notalegur miðill. Það er einhver glansmynd í huga mér sem ferðast með mig aftur í tímann þegar ég hugsa um útvarp. Þá sátu fjölskyldur saman við eitt mikilvægasta húsgagn heimilisins á kvöldin og áttu þar góða samverustund. Útvarpstæki voru almenningseign, eitt á hverju heimili enda voru þetta svo stór og mikil tæki (Gunnar Lárus Hjálmtýrsson, 2001:9). Fólk hlustaði þá á tónlist, sögur, leikrit og fréttir.

Önnur ástæða þess að ég valdi útvarpið er sú að ég er örlítið farin að kunna til verka. Ég hef nokkrum sinnum áður gert útvarpsþætti í tengslum við nám mitt, bæði í þjóðfræði og svo nú í blaða- og fréttamennsku. Uppsetning þeirra þátta var mjög svipuð þeirri sem ég mun nota við gerð þessa lokaverkefnis. Þeir þættir voru sendir út á Rás 1 og Rás 2, en hvar eiga þessir þættir um tónlist og siðafár best heima?

#### 1.4 Markhópur

Þeir þættir sem ég hef unnið áður hafa verið í útvarpsþættinum *Fólk og fræði* á Rás 1 en mér þótti markhópur þeirrar stöðvar ekki alveg henta því efni sem ég mun fjalla um, þá aðallega vegna þeirrar tónlistar sem verður valin í hvern þátt. Ég hafði því samband við Ólaf Pál Gunnarsson, þ.e. Óla Palla útvarpsmann á Rás 2, í von um að hann væri fánlegur til að senda þættina út sem hluta af útvarpsþáttum sínum. Ég hafði Rokkland þá í huga og var hann sammála um að þættirnir ættu helst heima þar og var alveg til í að nota þá. Ég hef áður unnið 30 mínútna þátt, eða pistil, fyrir Óla Palla sem spilaður var í Rokklandi, svo hann þekkir nokkurn veginn mín vinnubrögð.

Markhópurinn sem ég upphaflega hafði í huga er fólk á öllum aldri sem hefur áhuga á fjölbreyttri tónlist og sögu hennar. Þess vegna valdi ég Rás 2 til að útvarpa þáttunum. Markhópurinn verður því hlustendur Rásar 2. Sá hópur er í raun nokkuð breiður samkvæmt skipulagi Ríkisútvarpsins, það er 50 ára og yngri (RUV, 2014). Eins og fram kemur hér að ofan hefur Rás 2 og einnig RÚV í heild sinni ákveðið fræðslu- og menningarhlutverk. Samkvæmt lögum nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið á það að „*stuðla að lýðræðislegri umræði, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni í íslensku samfélagi [...] Það skal leggja rækt við íslenska tungu, menningu, sögu þjóðarinnar og menningararfleið*“ (Lög um Ríkisútvarpið).

Þrátt fyrir þetta fræðsluhlutverk RÚV og stóran markhóp hlustenda, eru vissulega aðrar útvarpsstöðvar sem gætu flutt þáttinn. En ekki eru aðrar útvarpsstöðvar sem leggja jafn ríka áherslu á fræðsluefni til jafns við tónlist eins og Rás 2;

„*Íslensk tónlist er hjartað í Rás 2. Meginhlutverk hennar er að fylgjast með og sinna íslenskri tónlist, spila hana, kynna hana og fjalla um hana. [...] Yfirlýst markmið RÚV*

*er að upplýsa, fræða og skemmta. Rás 2 hefur frá upphafi verið mjög öflugt dægurmála-  
útvarp, útvarp með puttan á púlsinum í dægurmálum, menningu og þjóðmálaumræðu“  
(RUV).*

## 2 Hvað er siðafár?

Við þekkjum öll orðatiltækið „*að gera úlfalda úr mýflugu*,“ en það mætti segja að það sé nákvæmlega það sem hugtakið siðafár snýst um. Það má ef til vill segja að siðafár sé þegar að stór hópur fólks hneykslast á eða hræðist eitthvað ákveðið. Það geta verið unglingar, innflytjendur, ákveðin tónlist, myndlist og svo má lengi telja. Eftir einhvern tíma, mikið hneyksli, uppbot í fjölmiðlum og samfélaginu kemur á daginn að búið var að „*mála skrattann á vegginn*,“ en það er annað orðatiltæki sem kemur upp í huga í þessu samhengi.

Hér á eftir verður hugtakið siðafár skilgreint betur með vísun í skrif og rannsóknir ýmissa fræðimanna. Þar sem efnistöð útlitanna eru siðafár og tónlist (rokk, þungarokk og rapp), verða dæmi tekin úr sögu tónlistar bæði á Íslandi og annarra landa, sem og sögu útvarps á Íslandi. En til þess að skilja hugtakið siðafár betur er best að byrja á því að skoða grasrótina.

### 2.1 Menningarkimar

Menningarkimar eru félagslegur hópur sem aðgreinir sig frá viðtekinni menningu samfélagsins á grundvelli gilda, viðhorfa, tákna, athafna og gjarnan, einkum hvað varðar ungmenni, klæðastíl og tónlistar. Betri skilgreiningu má finna í bók Ross Haenfler, *Subcultures*;

*„Menningarkimi er: Tiltölulega dreifður félagslegur hópur með sameiginlega sjálfsmynd, áberandi skoðanir á ákveðnum hugmyndum, venjum og hlutum, sem virðist á jaðri viðtekinnna gilda samfélags eða í andstöðu við það.“ (Haenfler, 2014:bls.16).*

En samfélagið fagnar ekki alltaf fjölbreytileikanum heldur er horft á fólk sem aðhyllist hina ýmsu menningarkima eða tilheyrir skrítnum hópum í samfélaginu sem hættulega einstaklinga (Haenfler, 2014). Þetta geta verið hópar eins og fólk í víkingafélaginu í Hafnarfirði eða fólk sem aðhyllist einhverja ákveðna tónlistarstefnu, feministar, múslimar eða fólk sem tilheyrir öðrum trúarflokkum. Þessir hópar eru frávik frá hinu einsleita samfélagi og ógna einhverjum óskráðum gildum og viðmiðum.

Þeir sem tilheyra menningarkima eru til dæmis ungmenni, en alþekkt er hve miklar áhyggjur fullorðið fólk hefur gjarnan af öllu því sem unglingar gera. Unglingar eru vandamál. Það mætti jafnvel líkja þeim við hjarðdýr því að þeir hópa sig saman og leitast eftir því að eiga vini sem deila sömu áhugamálum og jafnvel skoðunum. Þannig myndast þessir svokölluðu menningarkimar og allir geta á þann hátt fundið eitthvað sem þeim hentar og deilt áhugamálum sínum með einstaklingum sem dæma ekki (Haenfler, 2014). Samkvæmt þessari skilgreiningu mætti flokka rokk, þungarokk og rapp sem menningarkima.

Nærtækasta íslenska dæmið um menningarkima eða unglíngamenningu er þegar rokkið kom til Íslands. Í raun mætti segja að hugtakið táníngur eða unglíngur hafi orðið til í kjölfar rokkbýltingarinnar, þó svo að það hafi í raun alltaf verið til óstýrlát ungmenni;

*„Fyrst voru unglíngar ekki til, heldur bara börn og fullorðið fólk, en svo kom rokk og þá varð allt í einu til eitthvað sem hét unglíngar.“ (Gunnar Lárus Hjálmtýrsson. 2001: bls. 8).*

Munurinn var að nú höfðu unglíngar fyrirmyndir sem þeir sáu í bandarískum kvíkmyndum (Gestur Guðmundsson, 1990; Gunnar Lárus Hjálmtýrsson, 2001). Fyrirmyndirnar voru James Dean og Marlon Brando sem voru með alla töffarastælana og ögruðu umhverfinu með kæruleysislegu fasi sínu. Það voru ekki bara íslenskir unglíngar sem vildu vera eins og þeir heldur unglíngar um allan heim. En það var ekki aðeins fasið sem unglíngar vildu tileinka sér, heldur einnig klæðnaður og útlit, þ.e.a.s. rokk tískan. Smám saman þróaðist einhvers konar lífsstíll unglíngja sem samanstóð af klíkulífi, bílum, ákveðnum klæðnaði og fasi (Gestur Guðmundsson, 1990: 20-21). Það er nokkuð greinilegt að rokkið byrjaði sem unglíngamenning, líka á Íslandi.

En hvernig bregst fólk við menningarkimum af þessu tagi? Viðbrögð geta verið mismunandi eftir löndum og samfélögum en það virðist alltaf vera einhver þörf hjá uppeldisfrömuðum, foreldrum og fjölmiðlum að finna orsök fyrir vandanum og ógninni og blása hana svo upp;

*„Þótt siðafár sé misöflugt og vari mismengi, auk þess að vera breytilegt eftir menningarsvæðum, þá er það ríkjandi í viðbrögðum við menningarkimum um allan heim.“ (Haenfler, 2014: bls. 107).*

Það virðist vera að viðbrögðin við hinum ýmsu menningarkimum þróist oftast í átt að algjöru siðafári. Sem dæmi má nefna félagslega umræðu á tímum rokksins víðast hvar í heiminum, en einna helst í Bandaríkjunum. Þar einkenndist umræðan af kynþáttahyggju og áhyggjum af glötun æskunnar. Einnig var talað um rokkið sem einhvers konar barnasjúkdóm eða unglíngaveiki og oft voru menn ekki sammála hvort um væri að ræða hættulega og smitandi veiru (Gestur Guðmundsson, 1990: 23).

Annað dæmi sem mætti taka er frá árinu 1987 í Rússlandi. Þar var gerð rannsókn á vegum rússneskra sálfræðinga um áhrif þungarokks á áhangendur þess. Niðurstöður þessarar rannsóknar voru að tónlistin skaðaði siðferði og metnað ungmenna ásamt því að hún þótti vera ávanabindandi og líkamlega skaðleg ungu fólk (Haenfler, 2014; Sognefest, 2000).

Prófessorinn og sálfræðingurinn G. Aminev stjórnaði meðal annarra rannsókninni og komst að eftirfarandi niðurstöðu;

“ Áhangendur þungarokks fá bæði sálræn og líkamleg einkenni fíkla. Ef þeir fá ekki að hlusta á þungarokk í viku lækkar heilsustuðull þeirra, þeir verða pirraðir, fá handskjálfta og hjartsláttur verður óreglulegur. Sumir þeirra hættu þátttöku í tilrauninni okkar eftir þrjú daga. Þetta þýðir að um einhvers konar sjúkdóm er að ræða. Rokktónlist virðist ekki eingöngu hafa sálræn áhrif heldur einnig líffræðileg, því að hún virðist hafa áþekk áhrif og morfínefni sem framkalla „ánægju“. ” (Sognefest, 2000, bls. 235).

Annað sem kom fram í rannsóknum Aminev á rússneskum skólabörnum var, að þungarokk olli minnisleysi, athyglisbresti, skaða á lestrarhæfni og börnin urðu þrjóskari og árásargjarnari (Sognefest, 2000).

## 2.2 Siðafár

Siðafár er hugtak sem kemur fram á sjötta áratug síðustu aldar og var upprunalega skilgreint af fræðimanninum Stanley Cohen í bók hans *Folk Devils and Moral Panic* (1972). Bók Cohens byggist á atburðum sem áttu sér stað í bænum Clacton, Bretlandi, á páskadegi árið 1964. Það sem gerðist væri að vísu talið minni háttar ónæði af völdum ungmenna í dag en átök brutust út milli tveggja ungmennahópa. Ungmennin köstuðu steinum, brutu glugga, slógust, unnu skemmdarverk á almenningsseigum og einnig var skotið úr loftbyssu út í loftið. Lögreglan handtók nær 100 ungmenni m.a. fyrir hrottalega hegðun (Cohen, 2002; Goode og Ben-Yehuda, 1994b). Þessi brot og atvik voru blásin all verulega upp og varð mikið fjölmiðlafár í kjölfarið.

Eftir þetta virtust fjölmiðlar fjalla mjög mikið um slagsmál og skemmdarverk unglunga heil í þrjú ár eftir atburðinn. Einhvers konar hræðsla gagnvart ungmennum var ríkjandi og voru ungmenni áhyggjuefni í hugum almennings. Rétt eins og Eric Goode og Nachman Ben-Yehuda nefna réttilega í bók sinni, *Moral Panics: The social construction of Deviance* (1994), „Yfirdrifin viðbrögð lögreglu, fjölmiðla, stjórnámálmanna, almennings, þrýstihópa, og stofnana félagslegra hreyfinga, vöktu athygli Stanleys Cohens“ (bls. 155). Athygli Cohen var náð en að mati hans voru viðbrögð fólks, þ.e. lögreglu, fjölmiðla, almennings og fleiri, við atburðinum í Clacton, gjörsamlega óviðeigandi í ljósi alvarleika málsins. Framsetning fréttu sýndi ungmennin í mjög neikvæðu ljósi. Alvarleiki málsins var ýktur og afskræmdur hvað varðar fjölda ungmenna er tóku þátt, þau brot sem voru framin, þær skemmdir sem urðu og þau áhrif sem þetta hafði á samfélagið í heild sinni. Cohen sagði einnig að þegar eitthvað mál

verður svona viðkvæmt, verður það til þess að ónæðið stigmagnast og öfgafullar hugmyndir um hvernig sé best að bregðast við verða til. Þarna verður hugtakið siðafár (e. *moral panic*) til en Cohen taldi hugtakið lýsa þessum viðbrögðum fjölmiðla, lögreglu, almennings, stjórnámálanna og félagsráðgjafa við ólátum ungmenna (Cohen, 2002; Goode og Ben-Yehuda, 1994b). Hugtakið skilgreindi Cohen á eftirfarandi hátt;

*„Ástand, atburður, einstaklingur eða hópur fólks þróast í að verða skilgreint sem ögrun við samfélagsgildi og hagsmuni; eðli óttans (siðafársins) er sett fram af fjölmiðlum á stílfærðan hátt með staðalímyndum; siðferðilegar hindranir eru mannaðar ritstjórum, biskupum, stjórnámálönnum og öðru réttshugsandi fólki [...]. Stundum er ástæða óttans ný af nálinni en stundum er um að ræða eitthvað sem hefur lengi verið fyrir hendi, en kastljósið beinist allt í einu að. Stundum gengur fárið yfir og gleymist [...] í öðrum tilvikum hefur það alvarleg og langvarandi eftirköst og gæti haft áhrif til breytinga á lögum og þjóðfélagsháttum og jafnvel hvernig samfélagið sér sjálft sig.”* (Cohen, 2002:1).

Í ljósi þessa atburðar, skoðaði Cohen hvernig fjölmiðlar gætu hafa skapað neikvæða ímynd ákveðinna hópa og verður sú ímynd þá áhrifavaldur á hegðun þeirra einstaklinga sem tilheyra hópnum og myndar skoðanir almennings. Hann studdist við kenningu sem hann kallar „*labelling theory of deviance*“, þá hvernig einstaklingur er stimplaður sem frávik frá norminu vegna hegðunar. Þegar einstaklingur fær þennan stimpil á sig fer hann smátt og smátt að trúa því sjálfur og viðheldur hegðun sinni til að ögra (Cohen, 2002; Critcher, 2008).

Orðræðan sem tengist siða- og fjölmiðlafári er í raun tengd orðræðu um völd til þess að skilgreina menningarleg norm og félagslega hæfni. Þessi orðræða flækist þegar nýjungar í menningu og samfélagi koma inn í myndina. Nýjungar teljast til ógnunar og eru þær staðsettar á valdamörkum, þar sem ekki er hægt að stjórna þeim heldur aðeins koma í veg fyrir þau með því að vara almenning við hættunni (Drotner, 1992).

### **2.3 Fjölmiðlar og frávik**

Skilgreining Cohens á siðafári er mjög náíð fjölmiðlafári af tveim ástæðum, þ.e.a.s. þá verður minnihlutahópur tákn félagslegra mótmæla og er stimplaður af samfélagi sem þjóðarskelfir eða vafasamir einstaklingar (Drotner, 1992). Þessir einstaklingar eru frávik frá norminu. „*Frávik koma fram í fjölbreyttu samfélagi, félagslegri togstreitu og félagslegum ágreiningi. Merking hugtaksins er alltaf sú sama, þ.e. frávik er vafasamt eða slæmt á einhvern hátt*“ (Curra, 2013). Frávik eru nátengd skilgreiningu Cohens á siðafári en þau geta verið breytileg eftir áherslum í samfélagi, það er að segja merking þeirra og mikilvægi breytist með tímanum.

Húðflúr voru frávik áður fyrr, en í dag er það ekki sama sagan. Það sama gildir um göt í líkamanum, annars staðar en í eyrnasneplunum. Frávik snúa að útliti, félagslegri hegðun og jafnvel ögrandi skoðunum sem ganga þvert á það sem okkur „á að finnast“ (Curra, 2013). Til þess að skilja viðbrögð almennings og félagslegra yfirvalda við frávikshegðun þarf að skoða þær upplýsingar og gildi sem búa að baki umræðunni um hvað sé frávik frá hinu eðlilega samfélagi;

*„Hvert samfélag býr sér til hugmyndir um hvað veldur fráviki [...] – og gerir sér ákveðnar hugmyndir um hverjir eru dæmigerð frávik [...] – og þessar hugmyndir móta hvernig brugðist er við hegðuninni. Í iðnvæddum samfélögum eru hugmyndirnar um rétta hegðun samfélagsþegna ávallt matreiddar af öðrum. Það er koma úr fjölmiðlum, sem þýðir að upplýsingarnar eru háðar mismunandi skilgreiningum á hvað telst frétt, hvernig þeirra er aflað og hvernig þær eru framsettar. Upplýsingarnar eru auk þess mótaðar af alls kyns markaðslegum og pólitískum áhrifum sem fjölmiðlar eru háðir.“*  
(Cohen, 2002:9).

Hér að ofan lýsir Cohen því hvernig fjölmiðlar móta gildi og viðmið samfélags með fréttum sínum. Í bók sinni, sýnir Cohen fram á að fjölmiðlar valdi siðafári og búi til þjóðarskelfa. Það virðist vera að fjölmiðlar valdi siðafári með því að miðla ákveðnum gildum og viðmiðum og viðhalda því síðan með því að fjalla um siðafárið þegar almenningur er í uppnámi. Með ýktri umfjöllun sinni um frávik, skilja fjölmiðlar fólk eftir með þá tilfinningu að eitthvað þurfi að gera, þótt þetta sé vandamál sem jafnvel fjölmiðlar bjuggu til, til að byrja með (Cohen, 2002).

Cohen bendir á að fjölmiðlar taki þátt í öllum þremur stigum siðafárs, þ.e. “*Setting the agenda*,” eða að velja það sem frétt næmt er, þá aðila eða atburði sem teljast til frávika eða eru félagslegt vandamál. Annað hlutverkið er “*Transmitting the images*” eða dreifa hugmyndum og þriðja hlutverkið er “*Breaking the silence, making the claim*” eða rjúfa þögnina með tilbúnum fullyrðingum sem valda ótta hjá almenningi (Cohen, 2002). Það er greinilegt að Cohen aðhyllist áhrifakenninguna um fjölmiðla, t.d. þá kenningu um dagskrár- og innrömmunaráhrif. Þessi þrjú stig siðafárs sem Cohen talar um, tengjast þessum áhrifa-kenningum mjög.

Fjölmiðlar vilja helst fjalla um eitthvað sem almenningur hefur áhyggjur af til að fólk lesi fréttir, og það gefur því augaleið að tilvalið er að fjalla um siðafár í samfélaginu. Þær kenningar sem má nota til að greina siða- og fjölmiðlafár eru m.a. áhrifakenningar fjölmiðla, s.s. ræktunarkenningin, dagskrár- og innrömmunaráhrif. Ræktunarkenningin vísar til þess að



sjónvarpið móti og skapi skoðanir hjá fólki með tilbúnum raunveruleika (Goode og Ben-Yehuda, 1994a; Cohen, 2002). Dagskrár- og innrömmunaráhrif vísa til þess að fjölmiðlar matreiði fréttir á ákveðinn hátt og að framsetning fréttanna hafi áhrif á það hvernig fólk hugsar (McQuail, 2005; Alda Áskelsdóttir, 2009).

## 2.4 Þátttakendur og þjóðarskelfar

Siða- og fjölmiðlafár byggir einfaldlega á valdamun og hagsmunaárekstri í samfélagslegum skilningi, þ.e. aðstæður þar sem samfélagsleg gildi eru talin vera í hættu. Hin raunverulega hættu eru frávik frá félagslegum normum eða reglum sem samfélagið setur og geta fjölmiðlar leikið stórt hlutverk í slíku fári með því að ýfa upp hræðslu og koma af stað múgæsingu. Þeir sem taka einnig þátt eru eftirlitsaðilar, siðapostular og almenningur (Cohen, 2002; Goode og Ben-Yehuda, 1994a).

Þegar um er að ræða siðafár, eru áhyggjur almennings ýmist mistúlkaðar eða oftúlkaðar. Það skal því tekið fram að siða- eða fjölmiðlafár er ekki hægt að framkalla nema óttatilfinning ríki meðal almennings. Áhyggjur almennings eru samt sem áður raunverulegar. Fjölmiðlar eiga ekki að stýra þessum áhyggjum, þótt það geti vissulega gerst sbr. þær áhrifakenningar sem lítillega hefur verið fjallað um (Goode og Ben-Yehuda, 1994a). En hverjir taka þátt í þessum herlegheitum? Um er að ræða þá sem teljast til þeirra „rétt hugsandi“ einstaklinga í samfélaginu. Þeir geta verið bæði prestar og trúarleiðtogar, fagaðilar, sérfræðingar og kennarar, svo dæmi séu tekin. Siðapostular uppræta siðlausa hegðun, koma með lausnir og þrýsta á aðgerðir. Siðapostular tilheyra því þrýstihóp þar sem þeir koma af stað herferð til að sporna við óæskilegri hegðun. Það mætti segja að siðapostular þrífist á þessum áhyggjum sem valda frekari ótta hjá almenningi (Goode og Ben-Yehuda, 1994a; Cohen, 2002). Alþekkt dæmi um íslenska siðapostula eru t.d. Jónas frá Hriflu sem lagði fram ákveðnar reglur árið 1926 um fagurfræðileg sjónarmið sem hann taldi nauðsynleg til grundvallar innlendri húsagerðarlist (Ólafur Rastrick, 2013:209). Björgvin Guðmundsson tónskáld sem talaði miður skemmtilega um djasstónlistina og komu hennar til Íslands og einnig Snorri í Betel og skoðun hans á þungarokki. Þeir sem hafa löggjafarvald og sjá um löggæslu, þ.e. lögregla, dómstólar, stjórn málamenn og aðrir, eru svokallaðir eftirlitsaðilar (Goode og Ben-Yehuda, 1994a; Cohen, 2002).

Ný menning eða ný gildi eru ósæmandi borið saman við þekkt og samþykkt gildi og menningu. Ákveðin hættu stafar af því sem er nýtt og óþekkt. Í því samhengi má nefna þjóðarskelfa, eða það sem Cohen kallar „*Folk Devils*“. Þjóðarskelfar eru þeir „illvirkjar“ sem koma öllu í ójafnvægi, samkvæmt siðapostulum og eftirlitsaðilum. Þjóðarskelfar vekja upp

sterka réttlætiskennd innan samfélagsins og standa þeir fyrir hegðun sem ekki er viðurkennd í almennum samfélagi, þ.e.a.s. þeir eru frávik. Siðapostular, eftirlitsaðilar og fjölmiðlar nota þjóðarskelfa sem víti til varnaðar og benda almenningi á að ekki skuli fara sömu leið og þessir einstaklingar. Dæmi um þjóðarskelfa er menning ungmenna s.s. þungarokk. Þó skal það tekið fram að þjóðarskelfar geta einnig gert ólöglega hluti og má þá nefna barnaníðinga, eiturfylfjasala og morðinga, svo eitthvað sé nefnt (Cohen, 2002; Goode og Ben-Yehuda, 1994a).

Í þessu ljósi má segja að siða- og fjölmiðlafár snúast mikið um „við“ á móti „þeim“, þ.e. andstæður, og mætti segja að svona fár séu í raun einhvers konar öryggisventill til þess að endurheimta félagslegt jafnvægi (Cohen, 2002; Drotner, 1992). Þungarokk hefur valdið fjölmörgu siða- og fjölmiðlafárinu þar sem tónlistin, útlitið og viðhorf aðdáenda ógnar því sem á að kallast siðmenning og hafa lögregla og yfirvöld oft skipt sér af tónleikum og tónlistarmönnum. Þær tónlistarstefnur sem verður fjallað um í þessu verkefni hafa óneitanlega verið hluti af siðafári.

*„Fyrst var það djassinn, þá rokk og ról 6. áratugarins og rokktónlist 7. áratugarins, þá pönkið á 8. áratugnum, þungarokk 9. áratugarins og loks rapp á 10. áratug síðustu aldar – hverja og eina þessarra vinsælu tónlistartegunda taldi fullorðið fólk á sínum tíma svívirðilega, móðgandi og hættulega, en einmitt þessir eiginleikar urðu til þess að ungt fólk fagnaði þessari tónlist.“ (Arnett, Jeffery J., 2003:25).*

### 3 Tónlist, útvarp og siðafár

Það getur reynst erfitt að alhæfa um það hvað sé ljótt og hvað sé fallett þegar kemur að list, í hvaða formi sem hún er. Smekkur fólks er nefnilega jafn misjafn og við erum mörg. Þrátt fyrir það eru alltaf einhverjir sem telja sig vita betur og finna sig knúna til þess að hafa vit fyrir okkur hinum.

Í þessum kafla verður fjallað um tónlist og siðafár á Íslandi og annars staðar í heiminum. Einnig verður fjallað um útvarp á Íslandi í tengslum við siðafár. Dæmi verða tekin úr dagblöðum, tímaritum og fræðigreinum, sem verða svo mátuð við siðafárshugtakið. Einnig eru dæmi tekin úr viðtölunum, sem eru grunnur ritgerðarinnar. Réttast er að byrja á stuttri umfjöllun um djasstónlist, þótt hún sé ekki tekin sérstaklega fyrir í útvarpsþáttunum. Síðan er fjallað um viðfangsefni útvarpsþáttanna þ.e. rokk, þungarokk og rapp.

#### 3.1 Djass

Fyrstu áratugi síðustu aldar var umræða um fegurð í list mikil. Menn héldu því fram að ákveðin tenging væri á milli þess að kunna að meta fagrar listir og þess að vera siðmenntaður og jafnvel vel gefinn. Mikil áhersla var á að hið fagra væri gott og þá augljóslega að hið ljóta væri siðlaust og slæmt. „*Rétt eins og fegurðin göfgar þá spillir ljótleikinn viðtakandanum. Innan fagurfræðilegrar orðræðu skipti þetta miklu máli þegar forsendum hennar var ögrað með „ljótri“ list“* (Ólafur Rastrick, 2013, bls. 113).

Djasstónlist gerði allt vitlaust með komu sinni til Íslands og má ég til með að vitna í skrif Björgvins Guðmundssonar tónskálds, þar sem hann ber saman raunverulega og fallega tónlist við nýjungina djass;

*„Hugsum okkur mansöng Schuberts annars vegar og görótt djasslag hins vegar. Hvílikur munur! Hvor tveggja er þó ástarsöngur. Annar þrunginn af því göfugasta, sem einkennir hina dásömuðu og marglofuðu eðlishvöt, ástina, og hreyfir vitanlega samstillta strengi í sál hlutstandans. En hin er gegnsmogin af hinum villimannlegustu og taumlausustu fýsnum, sem skáka í skjóli ástarinnar, og hreyfir við þeim hvötum í sál hlutstandans. Það er að vísu goðgá að nefna þessa tvo söngva samtímis, svona álíka og að nefna himnaríki og hel í sömu andrání.“* (Björgvin Guðmundsson).

Það sem Björgvin skrifar hér er mjög algengt stef í umræðunni um ungdómsmenningu og nýja strauma tengda henni. Það er þessi tenging við hið villimannslega, hinar taumlausu fýsnir og að þess háttar „menning“ sé andhverfa heilbrigðs samfélags. Það er einmitt sams konar umræða sem fer í gang í tengslum við komu nýrrar tónlistar eins og rokksins, pönks, þungarokks og annarra tónlistarstefna.

Þetta gekk jafnvel svo langt á tímum djasstónlistar að siðmenntaðir menn töldu þennan menningarkima vera merki um hnignun menningarsamfélagsins. Læknirinn Max Nordau notaði líkamlega og andlega sjúkdóma og yfirfærði á samfélagið og nýja menningarkima til þess að skilgreina hvað ylli hnignun menningar og samfélags. Max Nordau sá í raun þróun menningar og samtímalistar sem sjúkan einstakling (Ólafur Rastrick, 2013). Sams konar sjúkdómskenningu má einnig sjá á tímum rokksins. En það má alltaf hugsa í lausnum þegar menningin er við það að hrynja;

*„Ef Íslendingar nota vit sitt og orku til að endurskapa menningu sína, verður sjálfstæði þeirra borgið um ókomna tíð. Að öðrum kosti er hættan sú að þeir flosni upp í andlegum skilningi og verði útlendingar í eigin menningarheimi.“ (Páll Skúlason, 1994, bls. 98).*

Kanaútvarpið var ákveðinn þjóðarskelfir og ómenning í augum margra Íslendinga, ásamt þeirri tónlist sem þar var spiluð. Fyrst djassinn og svo rokk. Ríkisútvarpið var lengi eina útvarpsstöð Íslendinga og spilaði lítið annað en klassíska tónlist. Það var ekki hlutverk útvarpsins að miðla dægurtónlist (Gunnar Lárus Hjálmtýsson, 2001:9; Gestur Guðmundsson, 1990:11). Útvarpið átti að spila stórt hlutverk í menningu og menntun þjóðarinnar en helstu menningarvitar þjóðarinnar og uppeldisfrömuðir voru fengnir til þess að halda utan um dagskrá útvarpsins. Hún átti að einkennast af fræðandi fyrirlestrum fyrir almenning, tónlistarflutningi og beinni kennslu (Gunnar Stefánsson, 1997:24-25).

Siðgæðisverðir íslensku þjóðarinnar höfðu gert sér vonir um að endurheimta þjóðlífið og að allt yrði aftur eins og það var fyrir stríð. En tímar breytast og nú vildi unga fólkið hlusta á djass og lifa lífinu. Háttsemi unga fólksins olli góðborgurum miklum áhyggjum. Það var einmitt bandaríska hernámsliðið sem raunverulega flutti inn erlenda dægurtónlist til Íslands, en dægurtónlist og í raun öll bandarísk menningaráhrif voru litin hornauga af talsmönnum þjóðlegrar menningar og borgaralegrar hámenningar (Gestur Guðmundsson, 1990:11-12). Bandaríski herinn hóf útvarpsútsendingar frá Keflavík 14. nóvember árið 1951 (Karl Jóhann Garðarsson, 2006). Útvarpsefni stöðvarinnar og áhrif hennar voru mjög umdeild;

*„Um helmingur efnis Keflavíkurútvarpsins var djass- og danstónlist, engin klassísk-, harmonikku- eða karlakórstónlist heyrðist þaðan – ekki frekar en löng fræðsluerindi eða upplestur á fornritum Íslendinga. Viðbrögðin létu ekki á sér standa – þings- ályktunartillaga sósíalista um stöðvun útsendinga útvarpsins kom fram örfáum dögum eftir að þær hófust. Þeir þingmenn sem börðust hvað hardest fyrir því að Keflavíkur- útvarpið yrði lagt niður og lögðu fram frumvarp um það ár eftir ár spöruðu ekki stóru*

*orðin þegar lýsa þurfti dagskrá Keflavíkurútvarpsins og sagði Jónas Árnason að dagskráin væri „menningarfjandsamlegur og siðspillandi sori“ sem mótar „andlegt viðhorf stórs hluta íslenzkrar æsku.““ (Karl Jóhann Garðarsson, 2006:15).*

Það sem Karl Jóhann greinir frá er virkilega gott dæmi um hvernig siðapostular, í þessu tilfalli íslenskir þingmenn, fara af stað og tjá sig um sínar skoðanir á hinni aðsteðjandi ógn og reyna að bjarga íslensku þjóðinni frá menningarlegu hruni. Það liggur í augum uppi að Kanaútvarpið rauf einokun Ríkisútvarpsins og ógnaði sjálfskipuðu menningar- og uppeldis-hlutverki þess.

Í tímaritinu Helgafelli birtist fræðigreinin *Menning og varnir* árið 1954. Greinin fjallar um niðurstöður athugunar á áhrifum útvarpsins á Íslendinga og samskipti Íslendinga við önnur lönd. Þessi grein er gott dæmi um siðapostula að reyna að komast að því hvaða áhrif Kanaútvarpið og jú vissulega tónlistin sem þar var spiluð, hafði á landann. Hvað var til ráða?

*„Það er engin leið til að útiloka þessa nýju lágmenningu frá íslenzku þjóðinni. Engir tollar og engin höft munu þar fá rönd við reist. Ráðstafanir eins og lokun Keflavíkurútvarpsins mundu skipta hlægilega litlu máli. Hlustendur, sem heyra vilja djass og dægurlög eiga úr nógu slíku a velja [...]Hin eina vörn gegn ágengni hinnar nýju múgsefjunar er efling æðri menningar meðal allra stétta þjóðfélagsins. Hin forna íslenska bændamenning er að líða undir lok með því þjóðfélagi, sem fóstraði hana. Hún verður ekki endurvakin, en arftaki hennar, hin unga ótamda menning Reykjavíkur og annarra íslenzkra kaupstaða, býr þó að því ennþá, hve kjarnmikil hún var og sterk.“ (Helgafell, 1954:4-6).*

Þessi frásögn bendir til þess að fólkið í samfélaginu hafði augljóslega einhverjar áhyggjur af glötun íslenskrar menningar. Það eina sem mönnum virðist koma til hugar er að banna og vara við þeirri menningu sem hefur í för með sér einhvers konar ljótleika eða ögrar íslenskri menningu og hefðum. Það er mjög algengt að ný tónlist feli í sér framandi hegðun sem vekur óhug hjá siðmenntuðum borgurum, þ.e. einhvern „ljótleika“. Þegar upp er staðið er fólk einfaldlega hrætt við það sem það upplifir á einhvern hátt sem framandi, dónalegt eða jafnvel ógeðslegt.

### **3.2 Rokk**

Nú þegar djassinn var búinn að hneyksla með komu sinni og með hjálp Kanaútvarpsins, bárust tíðindi um komu nýrrar tónlistarstefnu árið 1955. Þessi tónlist var kölluð rokk og var hún að „flæða yfir vinsældarlista og dansgólf yngri kynslóðarinnar“ (Gestur Guðmundsson,

1990:14). Rokkið var komið frá blökkumönnum, rétt eins og djassinn og var upphaflega sprottinn upp úr blús. Rokkið var líka danstónlist sem þýddi að villtur dans fylgdi komu þessarar nýstárlegu tónlistar. Rokkið snérist í raun um að ögra umhverfinu og það sama átti við dansana (Arnett, 2003:129-130; Gestur Guðmundsson, 1990: 19- 21).

*„Dansinn var svolítið svona, ja hvað getur maður sagt, hann virkaði svolítið dónalegur að sjá. Strákar og stelpur voru kannski einum of náin á dansgólfinu og þetta þótti ekki flott.“ (Þorsteinn Eggertsson, 2016).*

En rokkdanssporin áttu margt sameiginlegt með djassdönsunum og virtust margir af djasskynslóðinni hafa gleymt því hvernig djasstónlistinni og dönsunum var tekið;

*„Rokkið hefur flætt yfir landið, hneykslað suma, en orðið öðrum til ánægju. Þeir sem viðhafa stór orð og ljót um þetta fyrirbæri samtíðar vorrar, ættu að líta örlítið aftur í tímann og þá helst í eigin barm. Þroskuðu fólki hættir stundum við að gleyma, að einu sinni kunni það varla að drekka úr pela, jafnvel þótt tútta væri á! Rock and roll - dansinn er ekkert annað en arftaki Charlestons - Black Bottoms og Jitterbugs svo eitthvað sé nefnt.“ (Samtíðin, 1957).*

Hér vísar höfundur í það siðafár sem varð þegar djasstónlist varð vinsæl og bendir á að fólk væri fljótt að gleyma. Í skrifum sínum um siðafár nefndi Cohen (2002) ákveðna hringrás þar sem fólk virðist alltaf vera jafn hissa þegar að nýtt siðafár brestur á, og þá er eins og enginn muni eftir því sem áður hafði komið upp. Sérfræðingar, menningarfræðingar og fleiri, skilgreina poppmenningu sem félagslega, sálfræðilega og siðferðilega ógn og úr verður fár. Oft er gripið til lagalegra eða jafnvel fræðslutengdra aðgerða þar til fárið deyr út og næsta nýjung kemur öllum í uppnám aftur (Cohen, 2002; Drotner, 1992). Gott dæmi um hvað eldra fólk fannst um rokkdansinn birtist í tímaritinu Muninn, árið 1957;

*„Rokkið getur verið skemmtilegt. Hins vegar ætti að banna þann djöfladans sem hér er leikinn undir nafninu rokk. Slíkar athafnir eiga ekki við nema innan fjögurra veggja og þá án áhorfenda. (Frú Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, 1957. Muninn).*

Það voru ekki bara dansarnir heldur líka tískan eða „útgangurinn“ á unga fólkinu. Ákveðinn fatastíll og hegðun fylgdi þessari tónlist. Gallabuxur, strigaskór, brílljantín, styttri pils en áður tíðkuðust og svo má lengi telja. Unglingarnir fóru líka að raða fötunum öðru vísi saman en gert var ráð fyrir (Gestur Guðmundsson, 1990:21; Jónatan Garðarsson, 2016; Þorsteinn Eggertsson, 2016). Bolir sem vanalega voru notaðir undir skyrtur urðu vinsælir meðal ungra manna „sem þótti frekar glatað vegna þess að þetta voru nærbolir og áttu að

*vera innanklæða en ekki aðalklæðnaður“ (Jónatan Garðarsson, 2016). Þessi menningarkimi eða svokölluð unglingatíska náði hámarki á tímum rokksins og jafnvel mætti segja að hugtakið unglingar og táningar hafi orðið til á þessum tíma (Gestur Guðmundsson, 1990:19-21; Gunnar Lárus Hjálmtýsson, 2001:8). En það leist ekki öllum jafn vel á þessa tísku. Mikill hræðsluhrollur fór um góðborgara Reykjavíkur þegar leðurjakkaklædd ungmenni strunsuðu inn Austurstrætið;*

*„Nú hefst annar þáttur, kvöldlíf götunnar. Þá ræður æskan ríkjum. Fjöldi pílta í hinum ógnvekjandi skinn-jökkum og þvengmjóum rokkbuxum leggur undir sig hvern stein í götunni. Og ungar stúlkur, líka í jökkum og þröngum rokkbuxum eru mættar.“ (Jökull Jakobsson, 1959:26. Vikan).*

Rokkið var algjörlega á jaðrinum til að byrja með. Það var nánast engin leið fyrir íslensk ungmenni að kynnst þessari tónlist því hún var ekki spiluð í útvarpi, tónlistarmenn fengust ekki til að spila hana á böllum og plötuverslanir seldu engar rokkplötur til að byrja með. Þegar fjölmiðlar fjölluðu um rokktónlist, sem var lítið sem ekkert á þessum tíma, var það aðallega í hálfkæringi og háðslegum tón. Mönnum þótti rokkið hin mesta lágkúra og siðspillandi villimennska. Sumir höfðu jafnvel orð á því að þetta væru bara vaxtaverkir óþroskaðra unglunga (Gestur Guðmundsson, 1990:17-24; Gunnar Lárus Hjálmtýsson, 2001:8-12). Ríkisútvarpið hafið ákveðið menningarlegt og uppeldislegt hlutverk, eins og fram hefur komið, en það var ekki lítið svo á að það væri í verkahring útvarpsins að kynna þessa nýju tónlist neitt sérstaklega (Gestur Guðmundsson, 1990). Eina leiðin hefur verið að stelast til þess að hlusta á kanann. Og ekki voru allir hrifnir af þeirri útvarpsrás;

*„Nú er í sjálfu sér gott og blessað, að eigendur veitingahúsanna skuli hafa hugsun á því að skemmta gestum með útvarpsefni, þótt misjafnt sé. En hér kemur til kasta afgreiðslufólksins og annarra þeirra, sem um viðkomandi veitingahús eiga að sjá. - Oft er útvarpið ekki annað en gestum til ama. Vitanlega er ekki hægt að gera öllum til hæfis. En á sumum stöðum hér í bænum keyrir svo um þverbak, það sem ég vil leyfa mér að kalla beina ókurteisi í útvarpsmisnotkun gagnvart gestum, að ekki getur gengið lengur. Þarna er kanaútvarpið látið garga daginn út og daginn inn. Kannske fæst skrúfað frá íslenska útvarpinu aðeins meðan fréttir eru, en það er alveg undir hælinn lagt. Og enginn veit, hvenær afgreiðsludömunum þóknast að stilla yfir á ameríska gargið aftur. Nú getur enginn bannað því afgreiðslufólki sem er þannig andlega innréttað að hafa gaman af „útvarpsefni“ Keflavíkurstöðvarinnar. En hamingjan góða, er nokkur meining í því, að tugir manna á veitingasal kveljist andlega, ef ekki beinlínis*

*líkamlega, til þess að smekklaust þjónustufólk geti haft vissa tegund af amerískum hávaða fyrir eyrunum? - Nei það er með öllu ófært.“ (Þjóðviljinn, 20. maí 1953).*

Árið 1956 heyrðist Elvis í fyrst sinn í Ríkisútvarpinu, en það var flugfreyja sem færði Hauki Morthens, sem var með dægurlagaþátt hjá RÚV, plötu með Elvis. Lagið sem hann spilaði var Heartbreak hotel. Heilt kvöld fór í að spila plötuna, sem Hauki þótti algjörlega yfirnáttúruleg (Andrea Jónsdóttir, 2016; Gunnar Lárus Hjálmtýsson, 2001). Flökkusaga segir að bóndi austur á landi hafi fengið hjartaáfall og dáið þegar hann heyrði í Elvis í fyrsta sinn. Eins og sannri flökkusögu sæmir, eru vissulega til mismunandi útgáfur af sögunni og er lagið sem bóndinn heyrði, ekki alltaf það sama þegar sagan hefur verið sögð. Ýmist hafa verið nefnd lögin Heartbreak hotel eða Hound dog í þessu samhengi (Þorsteinn Eggertsson, 2016; Gunnar Lárus Hjálmtýsson, 2001).

Samkvæmt Gunnari Lárusi Hjálmtýssyni var um þrenns konar mótmæli að ræða þegar kom að rokkinu á Íslandi. Eins konar siðapostulanöldur, gárungaspaug og kvartanir tónlistarmanna sem þótti tónlistin ómerkileg og að hún myndi ekki endast (Gunnar Lárus Hjálmtýsson, 2001:11; Jónatan Garðarsson, 2016). Allar þær greinar sem búið er að vitna í eru gott dæmi um nöldur spiðapostulanna. Ísland var að þeirra mati, á barmi siðferðisglötunar vegna rokktónlistar. Þjóðmenningin og tungumálið var á hröðu undanhaldi og vissu fáir hvað væri til ráða (Jónatan Garðarsson, 2016). Pétur Pétursson þulur minntist einmitt þess í Morgunblaðinu árið 2004;

*„Íslenskir unglingar hlustuðu á bandaríska útvarpið á öllum tímum sólarhringsins og drukku í sig dægurlög, sem útvarpað var látlaust. Á sama tíma hrakaði móðurmálskunnáttu og þekkingu íslenskra ungmenna á öllu því sem íslenskt þjóðlíf varðaði.“ (Pétur Pétursson útvarpsþulur, 2004. Morgunblaðið).*

Það er nokkuð merkilegt að svona grein skuli hafa verið skrifuð árið 2004, þ.e.a.s. rúmlega 60 árum eftir að rokkið kom, sá og sigraði Ísland. En þetta er ekki eina dæmið þar sem móðurmálið kemur við sögu en eftir að rokkið öðlaðist auknar vinsældir vildu íslenskir tónlistarmenn vissulega vera hluti af þessu fyrirbæri sem rokkið var. Lagið „Vagg og velta“ hefur oft verið nefnt sem fyrsta rokklagið á íslensku (Gunnar Lárus Hjálmtýsson, 2001:17-18; Jónatan Garðarsson, 2016). Lagið söng stúlkan með lævirkjaröddina, Erla Þorsteinsdóttir;

*„Hún syngur inn lag við texta sem hún fær í hendurnar sem heitir „Vagg og velta“. Þetta er í raunni lagið „When the saints go marching in“ og það hefur komið út með Bill Haley og hans hljómsveit og hét á ensku „The saints go rocking and rolling“. Þessi*



*plata kemur út í janúar á Íslandi og fær alveg afskaplega vonða dóma og er bönnuð í útvarpinu. Það var ekki útaf rokkinu heldur textanum.“ (Jónatan Garðarsson, 2016).*

Textinn sem var eftir Loft Guðmundsson, var mjög umdeildur vegna þess að Loftur tók brot úr ljóðum Sveinbjörns Egilssonar, Jónasar Hallgrímssonar og Kristjáns fjallaskálds. Þetta var kornið sem fyllti mælinn því að mönnum fannst að þarna væri verið að brjóta á höfuðskáldum þjóðarinnar og hreinlega bönnuðu spilun lagsins í útvarpinu. Eintök af plötunni voru t.d. brotin í beinni útsendingu en það var oft gert í þá daga (Jónatan Garðarsson, 2016; Gunnar Lárus Hjálmtýsson, 2001:18). Þrátt fyrir bannið naut platan vinsælda því að plötubúðir auglýstu „Platan sem er bönnuð í útvarpinu er komin aftur“ þegar nýtt upplag kom í verslanir (Jónatan Garðarsson, 2016).

Áður en þetta gerðist höfðu tvö önnur lög lent á bannlista Ríkisútvarpsins og voru þeir komnir með myndarlegan lista þegar leið á rokkið. Til dæmis var lagið „*Kaupakonan hans Gísla í Gröf*“ bannað en lagið söng Haukur Morthens. Í laginu voru íslenskuslettur eins og „þingó“ og „Mývatnssveitó“ en það þótti „*grafa undan íslenskunni og því réttast að banna lagið*“ (Gunnar Lárus Hjálmtýsson, 2001:18). Lagið „*Allt á floti*“ með Skafta Ólafssyni var einnig bannað þar sem það gaf eitthvað kynferðislegt í skyn (Jónatan Garðarsson, 2016; Gunnar Lárus Hjálmtýsson, 2001:16). En það voru ekki bara þjóðskáldin sem var verið að særa eða blygðunarkennd fólks. Einnig voru lög bönnuð vegna þess að þau höfðu verið sett í nýjan búning. Gott dæmi um það er lagið „*Vorvísa*“ með Hallbjörgu Bjarnadóttur sem var þjóðlag í djassbúningi og það þótti algjörlega út í hött og var því bannað. Fleiri dæmi voru um þetta;

*„Það hefur komið fyrir að aðrir hafi lent í einhverju svona ef verið er að taka eitthvað klassískt eða sígilt lag og setja í nútímabúning og láta það rokka svolítið, þá er það bara bannað. Þetta þykja vera einhvers konar helgisþjöll en það fer svolítið eftir því hver er dagskrástjóri tónlistar í útvarpinu. Mig minnir að lag sem Engilbert Jensen söng með Hljómum og heitir „Að kvöldi dags“ hafi líka verið bannað. En það er vegna þess að laglínan er eftir Tjækovski. Það eru ástæðurnar.“ (Þorsteinn Eggertsson, 2016).*

Það gefur auga leið að mönnum var í nöp við rokktonlist. En sem betur fer voru aðrar leiðir til að heyra smá rokk.

Rokkið kom einnig með kvikmyndunum í kringum 1957 (Gunnar Lárus Hjálmtýsson, 2001; Gestur Guðmundsson, 1990; Jónatan Garðarsson, 2016; Andrea Jónsdóttir, 2016), en „*með sýningu rokkvirkmyndanna hófst rokkfárið fyrir alvöru*“ (Gestur Guðmundsson,

1990:27). Rokktónlist var þó farin að heyrast í útvarpsstöð hernámsliðsins í Keflavík mun fyrir, eða í kringum árið 1954. Það þótti ekkert tiltökumál að hlusta á þessa útvarpsrás ef þú bjóst á Keflavíkursvæðinu en rokkið varð vinsælla þar vegna nærveru hernámsliðsins (Þorsteinn Eggertsson, 2016).

Ef vikið er að kvikmyndahúsunum og þeim blaðskrifum sem til eru um andrúmsloftið sem þar ríkti, má auðveldlega sjá enn fleiri dæmi um siðapostulanöldur. Það var skrifað um mikil ærsl og læti í bíóhúsum og sérstaklega tekið fram að unglingarnir stóðu uppi á sætum og hreyfðu sig og dönsuðu í bíósalnum. Það þótti ekki tilhlýðilegt. Einnig komu unglingarnir dansandi og syngjandi út úr bíóinu og dönsuðu niður Laugavegin. Það var heldur ekki við hæfi (Jónatan Garðarsson, 2016). Myndirnar *Rock Rock Rock* með Chuck Berry, *Shake Rattle and Roll* með Fats Domino og Joe Turner, *Rock around the clock* með Bill Haley og fjöldi annarra rokkvikmynda voru sýndar í bíóhúsum landsins og ekkert lát var á aðsókninni (Gestur Guðmundsson, 1990:25-26; Gunnar Lárus Hjálmtýsson, 2001:11). Rokkmyndirnar voru eins konar tónlistarmyndbönd unga fólksins á þessum tíma. Þau vildu ekkert annað en fá að sjá átrúnaðargoðin sín berum augum og þetta var besta leiðin til þess að fá rokkið beint í æð (Andrea Jónsdóttir, 2016). Það leist ekki öllum nógu vel á þessi læti og óttuðust ýmsir að íslenska æskan myndi glatast rétt eins og í Bandaríkjunum;

*„Það má segja að ekki hafi þurft að segja unga fólkinu tvisvar að gera hlutina. Það hefur sleppt fram af sér taumnum að erlendri fyrirmynd, hamast og dansað á göngum og senum kvikmyndahúsanna eins og óður skríll, sem ekkert á skylt við þá velmenntuðu og uppöldu æsku sem hingað til hefur átt að heita eitt af þjóðarstolti okkar Íslendinga. Ég hef oft rætt um það við ýmsa mæta menn áður en sýningar á myndum þessum voru hafnar, hvernig fara myndi hér á landi og kom öllum saman um að hér myndu engin þau skríllslæti höfð í frammi er erlendis höfðu tíðkast í sambandi við myndir þessar, hér væri ekki þekkt það fyrirbrigði er erlendis kallaðist skríll. Reynslan hefur orðið sú að ekki hefur íslensk æska orðið eftirbátur þeirrar æsku er dagblöð Reykjavíkur höfðu áður fordæmt sem illa uppálinn skríl, vegna fréttu þeirra er bárust af hegðan þeirra, sem slíkar myndir voru sýndar erlendis. Spurningin verður því aðeins sú: Er skólaæska Reykjavíkur, en hún sækir mest myndir þessar, sá sami skríll og æskufólk, sem breytti um ham við að sjá myndir þessar?“ (Alþýðublaðið 6. Mars, 1957).*

Einnig fjallaði Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur um ærslin í bíóhúsunum og hafði orð á því að svalirnar í Stjörnubíói hefðu verið við það að hrynja, svo mikil hafi lætin verið (Andrea Jónsdóttir, 2016; Gunnar Lárus Hjálmtýsson, 2001:11).

Enn eitt dæmið um „Rokk-óspektir“ unga fólksins er þegar hljómsveitin *Tony Crombie and his Rockets* komu til landsins. SÍBS fluttu þá inn og þeir héldu 13 tónleika í Austurbæjarbíói. Það var uppselt á alla tónleikana (Gestur Guðmundsson, 1990:27; Jónatan Garðarsson, 2016). Misjafnar frásagnir voru af tónleikunum. Auðvitað vildi fólk styðja gott málefni;

„*Ofboðslegur hávaði, æðisgengin öskur og algjör múgsefjun. Þannig gæti stutt lýsing á síðari hluta hljótleikanna hljóðað. Það var ekki stanzað frá fyrsta lagi til hins síðasta. Hamagangurinn óskaplegur [...]. Ég á eiginlega bággt með að trúá því að SÍBS sé viðriðið þessi ósköp. Sé svo, þá vona ég að húsfyllir verði þessi kvöld, sem eftir eru, því hver vill ekki styðja SÍBS?*“ (*Vísir*, 7. maí 1957).

Í Alþýðublaðinu var umfjöllunin mun karnivalískari þar sem viðkomandi lýsti því hvernig unglingar misstu stjórn á líkómum sínum þegar tónlistin fór að hljóma;

„*Upp hófst ferlegur larmur á sviðinu og um leið skrækir miklir meðal unglinga, ítem tóku margir þeirra að missa nokkuð stjórn á ýmsum líkamshlutum, svo sem fótum, handleggjum og jafnvel höfðum. Var það skrytilegt að sjá.*“ (*Alþýðublaðið*, 4 maí 1957).

Ein umfjöllun var í Morgunblaðinu þar sem höfundar hennar fór alla leið í lýsingum sínum á þessu svokallaða rokkæði;

„*Í FYRRAKVÖLD hélt rokkhljómsveit Tony Crombie hljótleika í Austurbæjarbíói. Þá skeði það, sem komið hefur fyrir í flestum öðrum löndum, en ekki fyrr hér norður á Íslandi, að unglingar voru gripnir hamslausu rokkæði og tóku að dansa rokk af miklum móði í sjálfum bíósalnum í göngunum milli sætaraðanna, og varð af þessu slíkt uppnám og ærsl að lögreglan þusti á vettvang og skipaði rokkfólkinu að fara í sæti sín. En unglingarnir létu sér ekki segjast og á Snorrabrautinni að loknum hljótleikunum hófst rokkið aftur, á malbikinu þar innan um bílana, í úðarigningu einni stundu eftir miðnætti. Þótti mörgum sem miðaldafyrirbrigðið St. Vitusardans væri nú aftur komið í algleyming, og tryllti allan múginn.*“ (*Morgunblaðið*, 3. maí 1957).

Hér er þessum múgæsingi í Austurbæjarbíói líkt við dansfár á miðöldum í Evrópu. Fárið á rætur að rekja til rómverska guðsins Vítusar en hann er verndardýrlingur dansara, leikara og þeirra sem þjást af dansmaníu (*e. St. Vitus dance*). Þessu var líkt við faraldur en manían lýsti sér þannig að stór hópur fólks myndaði skyndilega hring og byrjaði að dansa þangað til það féll niður af þreytu. Þetta gat gerst hvar og hvenær sem var (Park og Park, 1990:513). Það

mætti segja að þetta sé gott dæmi um siðafár frá miðöldum. Siðafár getur greinilega átt sér stað hvenær sem er, það spyr enginn um stað eða stund.

Það er nokkuð ljóst að einhvers konar siðafár fór af stað þegar rokkið gerði vart við sig. Það var e.t.v. ekki eins mikið og þegar djassinn kom, en svo virðist vera að trú manna á íslenskum tánungum hafi verið það mikil að enginn átti von á því að þeir dyttu í einhvert rokkæði. En auðvitað var hægt að finna eitthvað til þess að hneykslast á. Síðar fór rokkið að þyngjast og ögra meira og meira.

### 3.3 Þungarokk

Margar hugmyndir eru á lofti hvað varðar upphaf þungarokksins en um þetta deila bæði fræðimenn og tónlistarunnendur (Arnett, 2003:134; Snæbjörn Ragnarsson, 2016; Hjelm o.fl., 2011). Ein heimild gefur til kynna að þungarokk sé yfir fjörutíu ára gamalt og rekja megi uppruna þess frá því undir lok sjöunda áratugar síðustu aldar (Arnett, 2003:134-136; Hjelm o.fl.,2011). Hljómsveitir sem voru áberandi á þeim tíma voru Iron Butterfly, Vanilla Fudge, Jimi Hendrix, Deep Purple, Led Zeppelin og svo síðast en ekki síst Black Sabbath (Arnett, 2003;134).

Talið er að orðið þungarokk, þ.e. „*heavy metal*“, hafi fyrst verið notað í laginu „*Born to be wild*“ með hljómsveitinni Steppenwolf. Þó var það ekki notað sem hugtak yfir tónlistarstefnuna sem slíka en menn deila um það. Höfundur lagsins, Mars Bonfire notaði orðin „*heavy metal thunder*“ í laginu til að lýsa upplifun sinni á því að keyra mótórhjól á eyðimerkurvegi í Kaliforníu (Weinstein,2014). Einnig hefur lagið „*Helter Skelter*“ með Bítlunum oft verið titlað sem fyrsta þungarokkslagið. Bæði lögin voru gefin út sama ár, þ.e. árið 1968 (Swanson, 2015; Weinstein,2014). En það sem taldist til þungarokks á þessum tíma má jafnvel flokka sem heldur milt þungarokk, miðað við hvernig tónlistin hefur þróast til dagsins í dag.

Með tímanum þróaðist þungarokkið og náði hámarki við lok áttunda áratugar síðustu aldar og við upphaf þess níunda með vinsældum hljómsveita eins og Judas Priest og Iron Maiden. Þá hafði þungarokkið losnað við öll blús áhrifin úr tónlistinni og það sem eftirstóð var tónlistarformið sem við þekkjum sem þungarokk í dag, hávært og ógnandi (Hjelm o.fl.,2011, bls. 11).

Þungarokk er umdeild tónlistarstefna og á þróunin stóran þátt í því. Þungarokkarar hafa hafnað, spilað með og jafnvel hundsáð þann ágreining og fordóma sem ríkja gagnvart tónlistarstefnunni og á tímum reynt að aðlagast kröfum samfélagsins (Hjelm o.fl., 2011; Kristján Kristjánsson, 2016). Siðafár er algengt þegar þungarokk er annars vegar en lítið er þó

til um heimildir og skrif um þungarokk á Íslandi og þróun þess, nema þá helst í skrifum Gunnars Lárusar Hjálmtýssonar, þar á meðal í bókinni *Eru ekki allir í stuði?* (2001). En þá er spurningin, hvernig var þetta á Íslandi?

Þungarokk var algjörlega á jaðrinum í íslensku samfélagi fyrstu áratuginna. Á áttunda áratugnum var lítið að gerast en því meira í upphafi þess níunda. Sveitir eins og Start, Drýsill, Þrumuvagninn og Gypsy, sigurvegarar Músíktilrauna 1985, voru m.a. undir áhrifum frá bresku harðrokki og nýbylgjunni þar í þungarokkinu, Iron Maiden og álfka sveitum. Eitthvað sem kalla mætti „senu“ fór hins vegar ekki að láta á sér kræla fyrr en við lok níunda áratugarins og við upphaf þess tíunda, en þá fóru að koma fram fjölmargar sveitir, innblásnar af þrassi, dauðarokki, gruggi og öðru því sem var að gerjast beggja vegna Atlantsála (Arnar Eggert Thoroddsen, 2017; Kristján Kristjánsson, 2016).

Hafnirska sveitin HAM, sem daðraði við þungarokk, einkum á síðari hluta ferilsins, naut t.a.m. mikilla vinsælda á Húsavík en það kom hljómsveitarmeðlimum verulega á óvart þegar þeir héldu þar tónleika árið 1992, að sjá fjöldann allan af „*brjáluðum rokkurum hristast á gólfinu en þeir voru vanir að spila fyrir nokkrar hræður fyrir sunnan*“ (Gunnar Lárus Hjálmtýsson, 2001:309). HAM þóttu það ruddalegir að þeir gerðu lítið úr hljómsveitum eins og Metallica og Iron Maiden sem þóttu flytja vögguvísur miðað við HAM eins og kom fram í tímaritinu Þjóðlíf árið 1989. Þar líkir höfundur tónlistinni við gregorískan munkasöng;

*„Tónlistin minnir á gregorískt þungarokk vegna þess að söngur þeirra Sigurjóns Kjartanssonar gítarleikara og söngvara og Óttarrs Proppé söngvara líkist stundum gregorískum munkasöng miðalda, þó svo Óttarr sé heldur djöfullegri.“ (Þjóðlíf, 1. nóvember 1989).*

Á níunda áratug síðustu aldar var mikill gagnkvæmur rígur og andúð á milli gleðipoppa og nýbylgjurokkara á Íslandi. Kristján Kristjánsson, eða Kiddi Rokk, hefur lengi verið hluti af þungarokkssenunni og þekkir hana vel. Hann segist muna eftir neikvæðum viðbrögðum í garð þungarokkara;

*„Svo vorum við kannski með neikvæð viðbrögð líka gagnvart t.d. diskólíðinu sem við kölluðum. En pönkararnir voru OK sko. Þannig þetta fylgir held ég öllum kúltúrum, einhverjir fordómar gagnvart öðrum tónlistarstefnum. Ég held að þungarokkararnir hafi ekkert frekar orðið fyrir fordómum frekar en pönkararnir eða eitthvað af þessu diskófólki eða hvað maður á að kalla það. Þannig að fyrir mér, þetta snerti mig nákvæmlega ekki neitt.“ (Kristján Kristjánsson, 2016).*

Þungarokkarar „vildu bara safna síðu hári, taka gítarsóló og njóta þungarokksins“ (Gunnar Lárus Hjálmtýsson, 2001:305). Það er að segja, þeir fáu sem tilheyrðu þessum menningarkíma. Þungarokksklúbburinn SKARR var stofnaður árið 1983 og fór í ferðalög saman á tónleika og þungarokksmessur erlendis. Reynt var að „blása lífi í glóðirnar með þungarokkskvöldum á diskótekum borgarinnar,“ svo lítil var þessi menningarkími (Gunnar Lárus Hjálmtýsson, 2001:305);

*„Þetta var svona kúltúr sem að þekktist voðalega lítið hér þá. Það myndaðist fljótt hópur í kringum Drýsilinn og á þessum tíma voru líka margir að fara út á tónleika í hópferðir að sjá hljómsveitir eins og Whitesnake og alls konar þungarokkshljómsveitir og á þessum tíma þótti þetta þínu hallærislegt hérna heima, að vera að hlusta á eitthvað þungarokk sko. [...] En þetta var mjög skemmtilegur hópur og mjög samheldinn og uppúr því myndaðist meiri stemning í kringum þungarokk almennt.“ (Kristján Kristjánsson, 2016).*

Svo virðist vera að engin sérstök viðbrögð hafi verið gagnvart þungarokki og þeirri kjörmynd sem skapaðist í kjölfarið hér á landi en svo virðist vera að SKARR hafi eitthvað hjálpað til við vinsældir tónlistarstefnunnar. Smátt og smátt fór tónlistin að þyngjast meira í kjölfar aukinna vinsælda hljómsveita eins og Metallica og Slayer. Það varð til þess að þungarokksbönd urðu til í bílskúrum landsins (Kristján Kristjánsson, 2016). Það er um þetta leyti sem aðalvígvollur íslensks þungarokks verður Músíktílaunir (Gunnar Lárus Hjálmtýsson, 2001:306) og „á tímabili var eiginlega ekkert nema þungarokk í Músíktílaunum“ (Kristján Kristjánsson, 2016).

Lítið er til af heimildum sem fjalla um viðtökur þungarokks og þá mjög fáar blaðgreinar. Það ber örlítið á innsendum greinum í dagblöðum landsins. Ein þeirra birtist 1. júní árið 1987 og var það Hörður nokkur Jónsson sem skrifaði greinina „Ekkert þungarokk í útvarpinu!“ sem birtist í DV. Hörður fór ófögurum orðum um þessa leiðinlegu tónlistarstefnu;

*„Það hefur mikið verið skrifað og skrafað um blessað þungarokkið. Þessi fámenni hópur, sem vill hlusta á þetta garg, hefur verið duglegur við að koma þungarokkinu á framfæri. Þungarokksaðdáendur, þið verðið bara að gera ykkur grein fyrir því að fyrir okkur hina er hrein þína að þurfa að hlusta á þessa graðhestamúsík. Það er spurning hvort hægt er að tala um músík þegar þungarokk er annars vegar því að þetta hljómar eins og versta víravæl. Það er ekkert skrítið, og þið þungarokksaðdáendur getið ekki vænst þess að það sé spilað mikið af þessum ófögnum í útvarpinu, þá myndu flestir eflaust loka fyrir tækin. Hljómsveitir eins og AC/DC eða Iron Maiden eiga ekki að*

heyrast í útvarpinu því það eru svo fáir sem hafa slíkan „músiksmekk“. Ég vil þakka útvarpinu fyrir að spila lítið af þungarokkinu það er svo drepleiðinlegt.“ (Hörður Jónsson, DV, 1. júní 1987).

Herði Jónssyni var svarað um hæl, þ.e. þann 16. júní 1987;

„Ég kemst ekki hjá því að senda Herði Jónssyni nokkrar línur eftir að ég sá bréf hans í mánudagsblaði DV þann 1. júní. Hlustar þú yfirleitt nokkuð á útvarp eða ertu ef til vill eitthvað slappur? [...] Þú skrifar að þungarokk sé drepleiðinlegt. En væri ekki ráð að snúa frá villu þíns vegar? Það er kannski þín skoðun að rokkið sé drepleiðinlegt og eflaust finnst þér margt annað drepleiðinlegt - en ertu kannski ekki bara drepleiður á lífinu? Einhvers staðar í texta þínum efaðist þú um að hægt væri að kalla þungarokks-tónlist músík. Ef þungarokksveitir eins og Europe, Bon Jovi, Meatloaf og Van Halen og fleiri spila ekki músík að þínu mati þá veist þú nú bara ekkert hvað músík er.“ (K.B. DV, 16. júní 1987).

Meira ber á því að fólk taki upp hanskan fyrir þungarokkið og jafnvel þakki útvarpsmönnum fyrir að spila og fjalla um þungarokk. Dæmi um það má sjá í DV, þann 2. janúar 1984;

„Ég vil hér með koma á framfæri þakklæti til stjórnanda Skonroks fyrir þáttinn sem sýndur var 6. desember síðastliðinn. Ég var ánægð með að sjá Ninu Hagen í þættinum því ég veit ekki til þess að hún hafi komið í neinum þætti fyrr. Einnig var ég ánægð með að sjá þungarokksveitirnar. Þá er eitthvað fyrir alla. Ég vona að þátturinn haldi áfram á þessari braut.“ (DV, 2. janúar 1984).

Einnig var Morgunblaðið með dálk í blaði sínu á tímabili sem bar heitið *Þessir hringdu*, þar sem fólk gat komið einhverju á framfæri sem því fannst gott eða slæmt. Þann 21. maí árið 1987 hafði ung kona að nafni Bíbí, samband við Morgunblaðið til þess að koma á framfæri þökkum;

„Ég vil þakka þeim Sigurgeiri og Pétri (Heavy-frændum) og SJ og HH fyrir góð skrif um þungarokk. Þetta voru orð í tíma töluð. Það er allt of lítið um að þungarokk sé leikið í fjölmiðlum okkar.“ (Morgunblaðið, 21. maí 1987).

Þessi þakkarbréf og það að fólki hafi fundist það knúið til að koma þakklæti sínu varðandi spilun þessarar tónlistar í útvarpi á framfæri er mjög merkilegt útaf fyrir sig. Þetta bendir til þess að mun fleiri nutu þessarar tónlistar en talið var. Engu að síður var þessi tónlist á jaðrinum því hún var lítið spiluð í útvarpi og nánast enginn sá um þennan anga rokksins.

Þungarokkið var augljóslega að fá litla spilun. Þessi tónlist var ekki allra og þótti hinn mesti hávaði (Stefán Magnússon, 2016; Kristján Kristjánsson, 2016). Árið 1988 hringdi þungarokkari í Morgunblaðið og sagðist vilja meira þungarokk í útvarpið;

*„Tónlistarsmekkur þeirra sem ráða ferðinni hjá nýju útvarpsstöðvunum er óneitanlega nokkuð einhæfur og fylgja þær því miður að mestu leyti þeirri stefnu sem rás 2 mótaði illu heilli í upphafi. Alls kyns undanrennumúsík er flutt frá morgni til kvölds og reyndar allar nætur. Ærlegt þungarokk heyrir hins vegar alltof sjaldan. Stjórnendur þessara útvarpsstöðva ættu að taka sig á og hafa nokkra þætti í viku þar sem flutt væri þungarokk eingöngu.“ (Morgunblaðið, 7. janúar 1988).*

Hér vísar þungarokkarinn í þetta hlutverk sem Ríkisútvarpið tók sér. Munurinn er þó að á þessum tíma var einokun Ríkisútvarpsins rofin þar sem frjálsar útvarpsrásir voru einnig starfandi, t.d. Bylgjan. Að sögn Kidda Rokk, hefur þetta alltaf verið svona;

*„Það hefur alltaf verið erfitt að fá þungarokk spilað í útvarpi, alltaf. Alveg frá því að ég man eftir mér. En svona kannski helst núna þegar Skálmöld fóru að verða vinsælir fór loksins að heyrast eitthvað.“ (Kristján Kristjánsson, 2016).*

Skálmöld hefur brotið ísinn algjörlega en þeir til að mynda spiluðu við opinbera heimsókn Margrétar Danadrottningar á Íslandi árið 2014 (Stofnun Árna Magnússonar, 2014) og svo hafa þeir spilað með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Nú á tímum Skálmaldar virðist þetta vera að breytast en Snæbjörn Ragnarsson, bassaleikar Skálmaldar, segir það ekki endilega gott og að þungarokkið hætti þá að vera þessi sérstaki menningarkimi sem það er í dag ef allir færu að hlusta;

*„Ég væri alveg til í að geta kveikt alltaf á útvarpinu og heyrt bara nýtt íslenskt þungarokk eða gamalt og almennt þungarokk en ég get það ekki. Og margir blóta því en í eðli sínu er það kannski bara svolítið gott. Mér þykir vænt um að þungarokk sé þó þetta mikið á kantinum, á jaðrinum. [...] Við viljum ekkert vera mainstream en samt blótum við því alltaf að það sé ekki verið að sinna okkur meira. Og það er ótrúleg mótsögn við sjálfa sig.“ (Snæbjörn Ragnarsson, 2016)*

Einhverjir menntafrömuðir fundu sig einnig knúna til að deila skoðun sinni með fólki þegar þungarokk var að þyngjast hægt og rólega. Björn Kristjánsson kennari samdi vísu eftir að hafa hlustað á þungarokk í kvölddagskrá útvarpsins. Tónlist þessi vakti litla hrifningu en hann hafði vaknað um nóttina eftir að hafa hlustað á þessi ósköp og samdi þá vísu;



*Það er óþarfi að fylla þann flokk,  
sem framleiðir þungarokk.  
Efni til manna,  
sem hávaðann hanna  
hefði átt að lenda í smokk.*

*(Björn Kristjánsson, 1992, Vísnapáttur)*

En hefur þungarokk einhvern tímann valdið siðafári? Hægt er að telja örfá dæmi sem tengjast siðafárskeningum Cohens sem fjallað var um í öðrum kafla þessarar greinargerðar. Íslendingar hafa í nokkur skipti, næstum því fallið í siðafárgildruna. En hvers vegna gerðist það ekki? Eistnaflug, árleg þungarokkshátíð í Neskaupsstað, er sennilega besta dæmið;

*„Við höfum nú ekki fengið stimpilinn á okkur sem djöfladýrkendur en það var náttúrulega svona fyrst við Eistnaflug að við værum bara að koma til þess að eyðileggja heilt bæjarfélag og rústa öllu. Þarna kemur eitthvað nýtt. Allir klæddir eins og þú veist, ég veit ekki hvað og þá eru menn bara dæmdir sem ofbeldismenn eða dópistar eða whatever. Svo náttúrulega gerðist ekki rassgat! Allir sultuslakir að hafa gaman.“  
(Stefán Magnússon, 2016).*

Sömu sögu hefur Snæbjörn Ragnarsson að segja um Eistnaflug en „þarna komu einhverjir tugir af svona skítugum sveittum, skeggjuðum rokkurum. Og þá var varúð í bænum. Fólki leist ekkert á þetta“ (Snæbjörn Ragnarsson, 2016).

Eistnaflug varð til í kjölfar þess að athafnamaðurinn og þungarokksunnandinn Stefán Magnússon, flytur austur á Neskaupsstað. Hann fékk þessa hugmynd um að halda þungarokks hátíð og hringir út tónlistarfólkið og sækir um styrk fyrir hátíðinni. Hann fékk styrk fyrir rúttunni sem keyrði hljómsveitirnar austur og úr varð eins dags tónlistarveisla þar sem hljómsveitir spiluðu hverjar fyrir aðra þar sem lítið var um áheyrendur (Stefán Magnússon, 2016; Snæbjörn Ragnarsson, 2016). Það fór lítið fyrir þessari hátíð fyrsta árið, en hátíðin fór engu að síður vel fram;

*„Við vorum svo fá. En svo ári seinna þá var þetta orðið alveg tvö hundruð og eitthvað manns sem að komu og þá tók fólk mjög vel eftir þessu. Og bara dró fyrir og passaði sig og passaði upp á börnin sín. Og að þetta væri nú mjög skrítið fólk sem var mætt þarna í Neskaupstað.“ (Stefán Magnússon, 2016).*

Hátíðin er orðin mjög stór og alls kyns fólk mætir á þessa tónlistarhátíð á hverju ári. „Þetta er klárlega árshátíðin! Það er bara þannig. Og gaman hvað það eru margir sem að taka

þátt“ (Stefán Magnússon, 2016). Eistnaflug hefur augljóslega gert góða hluti fyrir þungarokkssenuna og hefur gefið aðdáendum tónlistarinnar samastað einu sinni á ári (Snæbjörn Ragnarsson, 2016). Það virðist hafa komið fólki á óvart hversu vel þetta fór fram;

*„Svona hlutur sem hafði ekki gerst áður. Þannig færist fókusinn á þetta og fólki finnst þetta áhugavert og þá óhjákvæmilega kemur náttúrulega bara í ljós að þetta eru allt saman bestu skinn. Og þá fer það að verða svona költ að tala um það „Heyrðu svo er þetta bara fínasta fólk,“ bara eins og þetta hafi verið dýragarður fram að því. Það hafi bara verið að horfa á okkur í gegnum gler. Þá einhvern veginn breytist það og fer að verða svolítið í tísku að tala um það að þungarokkarar séu ekki hættulegir. „Ég hitti bara strákana í þessari hljómsveit um daginn, Sólstafastrákana, og þeir eru bara magnaðir!“ Eins og það sé geðveikt skrítið. Þannig að Eistnaflug breytti þessu held ég svolítið að þessu leyti. Að varpa ljósi á þessa stóru samkomu sem fer alltaf frábærlega fram og allir eru brosandi og bræðralagið er alltaf ríkjandi.“ (Snæbjörn Ragnarsson, 2016).*

Íslenskir þungarokkarar virðast hin mestu ljúfmenni þegar upp er staðið og Eistnaflug ber þess vitni (Kristján Kristjánsson, 2016). Það eru fáar útihátíðir hér á landi sem fara jafn vel fram og Eistnaflug en Stefán minnir tónleikagesti árlega á einu reglu hátíðarinnar;

*„Basik reglan er, að það er bannað að vera fáviti, það er bara þannig. Þannig höfum við svona haldist í hendur með þetta og hjálpast að þegar menn og konur eru að tapa áttum svolítið þá er svona klappað á öxlina og [spurt] hvort að menn séu ekki aðeins að missa sig.“ (Stefán Magnússon, 2016).*

Annað dæmi er til um atburð sem komst nálægt því að vera siðafár hér á Íslandi. Árið 1995 var haldin brenna í Vestmannaeyjum. Þar sameinuðust ungmenni úr hvítasunnusöfnuði Vestmannaeyja og brenndu bækur og geisladiska sem töldust ókristilegar vegna innihalds og boðskapar. „Djöfulleg tónlist bandarísku rokksveitarinnar Kiss var meðal þess sem brann á báli Eyjamanna“ (Vera Illugadóttir, 2013). Snæbjörn man eftir atvikinu;

*„Þetta er örugglega bara á svipuðum tíma og ég er í fermingarfræðslu eða aðeins seinna. Þetta er sama bylgjan af einhverju svona. Og þetta er náttúrulega bara sturlun sko, algjör geðveiki. Þetta er bara trúarofstæki og bara níðsla á skoðunum annarra. Það á ekkert að slaka á því. Helvítið hann Snorri ætti bara að drullast til að biðjast afsökunar sko, það er ekkert flóknara en það.“ (Snæbjörn Ragnarsson, 2016).*

Blaðagrein um atvikið birtist í Morgunblaðinu þann 9. nóvember árið 1995, þar sem rætt var við sjálfan safnaðarhirðinn Snorra Óskarsson;

*„Mikið var af djöfla- og dauðarokki og margir textar hvöttu til siðleysis, s.s. kynvillu og tvíkynja samskipta. Þegar unglíngarnir áttuðu sig á því að textarnir væru í algjörri andstöðu við Biblíuna gátu þeir ekki lengur notið tónlistarinnar. Þeir fengu svo hugmyndina að því að brenna diskana eftir að hafa lesið í Postulasögu 19 [þar sem] að söfnuðurinn hafði brennt kuklbækur. Brenndar voru bækur á borð við Mein Kampf eftir Hitler, sem elur á kynþáttafordómum, og þvílíku og geisladiskar með hljómsveitum eins og Kiss og margar fleiri.“ (Morgunblaðið 9. Nóvember 1995).*

Þetta var ekki fyrsta brennan, en í greininni kom fram að fleiri brennur líkt og þessi hefðu verið haldnar í Vestmannaeyjum þetta árið og hátt í sex hundruð geisladiskar, að verðmæti rúmlega ein milljón króna, voru brenndir sumarið 1995. Skólameistari Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum tjáði Morgunblaðinu að hann væri hræddur við þennan múgæsing og þetta ofstæki en hvítasunnusöfnuðurinn í Vestmannaeyjum jók vinsældir sínar þetta árið svo um munaði.

*„Maður náttúrulega man eftir þessu úti sko. Alls konar brjálæðissamkomur úti. Og þessi plötubrenna var ekki íslenskt fyrirbrigði, hún er tekin annars staðar frá, bara að utan. Þetta var ægilega í tísku. Og þá var alltaf verið að reyna að næla í krakkana og fá þau inn í svona trúar „nöttara“ fávítgang og svona frelsa þá af þessum djöfli sem hafði klófest sálu þeirra í gegnum þungarokkið. Og þar með áttu þau að vera að hreinsa sig með því að brenna allt dótið sem þau áttu. Algert krapp sko! Og þú veist, voru þetta ekki bara einhverjir 15 fávítar að brenna geisladiskana sína? Bara verði þeim að góðu!“ (Snæbjörn Ragnarsson, 2016).*

Stefán Magnússon man einnig eftir brennunni og nefnir einnig Gunnar í Krossinum í þessu samhengi. *„Þeir voru alltaf að gagnrýna þessa tónlist. En þarna ertu bara með hóp, þröngsýnan hóp sem segist vera svo víðsýnn, en sjá svo ekkert nema nefið á sér“ (Stefán Magnússon, 2016).* Snorri Óskarsson safnaðarhirðir, eða Snorri í Betel eins og hann er oft nefndur, hélt því fram að ungmennin hefðu ekki verið hvött til að halda brennuna og fullvissaði blaðamann Morgunblaðsins um að *„Hvítasunnukirkjan væri alls ekki að setja sig á mótí allri tónlist eða bókum sem tilheyrðu tilteknu lífmynstri. Aðeins ef textar boðuðu lögleysu, brytu gegn boðordunum tíu, Biblíunni eða kristnu siðferði almennnt“ (Morgunblaðið 9. nóvember 1995).*

Bóka- og geisladiskabrennur eru nátengdar siðafári en sem dæmi má nefna bókabrennu nasista í upphafi seinni heimsstyrjaldar, nánar tiltekið 10. maí 1933, og Bítlaplötubrennu í suðurríkjum Bandaríkjanna árið 1966 eftir að John Lennon sagði í viðtali við slúðurtímarit að kristin trú myndi hverfa hægt og bítandi á komandi árum. Lennon sagði að Bítlarnir væru vinsælli en Jesús og velti hann því fyrir sér hvort færi fyrst, rokkið eða kristin trú (The History Place; Fanelli, 2014). Þrátt fyrir að um sé að ræða afkvæmi siðafárs, þá voru eftirmálar málsins í Vestmannaeyjum ekki eins áberandi og ef þeir hefðu til dæmis verið í Bandaríkjunum. Þessi brenna fékk ekki það mikla athygli að úr hafi orðið einhvers konar siðafár. Fólk virðist tala meira um að ekki eigi að taka mark á þessu þar sem um trúarofstæki hafi verið að ræða. Íslendingar eru, þegar upp er staðið, bara miklu umburðarlyndari en aðrar þjóðir (Snæbjörn Ragnarsson, 2016; Þorsteinn Eggertsson, 2016; Andrea Jónsdóttir, 2016).

*„Ég einhvern veginn vil trúá því að fávitarinn sé undantekning og við séum bara heilt yfir frekar mikið með á nótnum um að leyfa öllu að þrífast hér, svo lengi sem það er ekki að skemma fyrir einhverju öðru.“ (Snæbjörn Ragnarsson, 2016).*

Ávallt er fjallað um slæmu áhrifin sem þessi tónlist kann að valda s.s. þunglyndi, ofbeldi og öðrum ófögnum. Tónlistin á að valda slæmri hegðun unglunga og ógnar einhverju sem er talið samfélagslega rétt s.s. trú eða pólitík. Eins og fram hefur komið þá snýst siðafár um valdabaráttu og menningarlegan ágreining (Cohen, 2002; Hjelm o.fl., 2011). Í því samhengi mætti segja að kristin trú sé í raun rótgróin menning og samfélagslegt norm á meðan þungarokk ógnar því.

Vert er að minnast á aðra þungarokkstónlistarveislu sem haldin hefur verið á Íslandi, þ.e. Andkristnihátíðina eða Sólstöðuhátíðina eins og hún hefur stundum verið kölluð. Hún er ein langlífasta þungarokkshátíðin á Íslandi en hún var haldin árlega í 15 ár. Stofnendur hátíðarinnar voru þeir Sigurður Harðarson, söngvari Forgarðs Helvítis og tveir meðlimir Sólstafa, þeir Aðalbjörn Tryggvason og Guðmundur Óli Pálmason. Hátíðin var fyrst haldin árið 2000, í kringum vetrarsólstöður, á skemmtistaðnum Gauk á Stöng. Hátíðin var upphaflega hugsuð sem svar þeirra félaga við svokallaðri Kristnihátíð sem haldin var sumarið 2000. Kristnihátíðin kostaði ríkissjóð talsvert fé og þar af leiðandi þótti þeim félögum við hæfi að svara ríkinu með Andkristnihátíðinni (Rjóminn, 2010). Þó átti hátíðin aldrei að vera beint andsvar að sögn Sigurðar Harðarssonar;

*„Hátíðin var ekki haldin sem beint andsvar við þá kristnihátíð ríkis og kirkju sem fræg er orðin að endemum. Andkristnihátíð var haldin til að benda á að hlutverk kirkjunnar hefur gegnum tíðina verið að innprenta þegnum þjóðfélags okkar hlýðni við ríkisvaldið*

*og virðingu fyrir kirkjunnar mönnum. [...] Í eðli sínu eru trúarbrögð samsæri um að bæla niður hið leitandi eðli hvers einstaklings og stýra því í ákveðinn farveg sem samkvæmur er því sem trúarbrögðin skipa. Þannig stuðla trúarbrögðin að ákveðnum takmörkunum á möguleikum hvers og eins til andlegs þroska þar sem ræktun hins andlega fer fram innan ákveðins ramma. Það er hið sorglega eðli trúarbragða. [...] Aðstandendur Andkristnihátíðar trúa því að kristni sem trúabrögð sé í hnignun og sé stöðugt að tapa virðingu sinni í augum almennings eftir því sem almennigur hefur meiri aðgang að upplýsingum um aðra möguleika til að stunda sitt andlega líf eða lífa sínu lífi án trúarbragða, treysta á sig sjálfan og nágungann án þess að vera háður kennisetningum.“ (Sigurður Harðarson, 2000, Morgunblaðið, bls. 70).*

Hátíðin hneykslaði vissulega einhverja, þar sem fólk tengdi hátíðina við djöfladýrkun en hátíðin er augljóslega pólitísk í grunninn. Þarna komu fram bestu og grófustu þungarökkshljómsveitir sem Ísland hafði að geyma. Þarna var spilað dauðarokk, svartþungarokk og annað „öfgarokk“ (Rjóminn, 2010).

Önnur dæmi, þó ekki frá Íslandi, sem tengjast þungarokki og einhvers konar andkristni eru til. Dauðarokk er ein grein af mörgum í þungarokkinu en henni fylgdi einhvers konar satanismi eða djöfladýrkun. Textar eru oft ögrandi í þungarokkinu og sum þungarokkslög minnst á Satan til þess að ögra og vera ógnvekjandi. Hljómsveitin Slayer er sennilega best þekkt fyrir vísun í satanisma í lögum sínum. En fáir þessara tónlistarmanna trúa virkilega á Satan sjálfan, svo það liggur e.t.v. grunnt á þessum satanisma (Arnett, 2003:135);

*„Sko á tímabili var náttúrulega, eins og í dauðarokkinu, ákveðnar bylgjur í gangi. Einhver svokallaður satanismi. Einhverjir norskir dauðarokkarar voru að brenna einhverjar kirkjur sem mér fannst alltaf mjög hallærislegt.“ (Kristján Kristjánsson, 2016).*

Svartþungarokk og kirkjubrennur eru þekkt tvö, næstum því eins og popp og kók, ef hægt er að komast svo að orði. Þessi hugtök eru oftast nefnd í sömu andráníni því að kirkjubrennur hafa verið viðloðandi svartþungarokksenuna frá upphafi. Norski svartþungarokkarinn Varg Vikernes sem var með eins manns hljómsveitina Burzum var bendlaður við fjölda íkveikja en hátt í tuttugu kirkjubrennur áttu sér stað milli 1992-1996 í Noregi sem hann stóð fyrir ásamt ýmsum öðrum svartþungarokkurum. Varg Vikernes var einnig dæmdur í fangelsi árið 1993 fyrir morðið á gítarleikara svartþungarokkshljómsveitarinnar Mayhem, en mikill rígur var á milli Burzum og Mayhem (Strong, 2015). Þessi atvik voru ansi nálægt

Íslandi en samt náði svona hegðun aldrei þungarokkurum hér. Ekki er vitað af neinum kirkjubrennum á Íslandi þegar þessi ritgerð er skrifuð.

Sjálfsmorð hafa oft verið sett í tengsl við þungarokk en ekki var farið að spá í texta laganna og skaðleg áhrif þeirra fyrr en um áttunda áratuginn (Wright, 2000). Ýmsar ásakanir og fordómar eru í hávegum hafðir hvað þungarokkið varðar en margir kannast við að hafa heyrt um „tónlist djöfulsins. „Þungarokk og þungarokkshljómsveitir hafa einnig átt að bera ábyrgð á sjálfsmorðum og það sama kom fyrir þegar djasstónlistin var að ryðja sér til rúms. Þá hefur þessi tónlistarstefna verið ásökuð um að hafa slæm áhrif á ungt fólk, rétt eins og aðrar nýjar tónlistarstefnur í gegnum tíðina. Þungarokkshljómsveitir sem hafa fengið á sig ákæru vegna sjálfsmorða ungmenna eru t.d. Black Sabbath, Judas Priest, Slayer og Led Zeppelin (Wright, 2000). Engin slík dæmi eru til á Íslandi, a.m.k. ekki sem vitað er af og hefur verið fjallað um í íslenskum fjölmiðlum.

Svo virðist vera að þungarokk, hafi ekki valdið miklum usla í íslensku samfélagi. Það hefur e.t.v. verið einhver undirliggjandi hræðsla í samfélaginu gagnvart þessari kjörmynd þungarokksins, sem er í raun aðallega útlitstengd. Þrátt fyrir það virðist vera að flestir hafi haft gaman af tónlistinni;

*„Ég held að við séum, eins og við getum verið þröngsýn, þá alveg ágætis hópur sem er víðsýnn og hefur gaman af hlutunum. [...] Metallica kom hérna og það seljast hátt í 20 þúsund miðar. Það er bara eins og á Justin Timberlake og það er nú talsvert vinsælli tónlist sem fær miklu meiri spilun heldur en nokkurn tíman Metallica, svona í útvarpi. En eins og ég segi, sem mér finnst svo leiðinlegt. Það væri gaman ef hljómsveitir sem eru að spila aðeins þyngri og erfðari tónlist, að þær gætu lifað á því, fengið eitthvað fyrir það.“ (Stefán Magnússon, 2016).*

Engin tilfelli sem vitað er um, hafa dregið þungarokkið niður hér á landi, á þann hátt að það rífur alla þjóðina með sér í einhvers konar fár. Þungarokk er á jaðrinum en það má vera þar. Þungarokkarar minna jafnvel á forfeður okkar, víkingana og það gæti verið ástæðan fyrir því að tónlistarstefnan hefur verið tekin í sátt. Einnig hefur Eistnaflug átt stóran þátt í því að normalísera þungarokk;

*„Bara það að Eistnaflug skyldi komast á koppinn og verða svona vinsælt og fara svona vel fram, það leiddi af sér það að fólk einhvern veginn sér það í jákvæðu ljósi og við fáum svona meiri slaka fyrir vikið. En ég held að þú þurfir ekkert að, sérstaklega í dag í svona upplýstu samfélagi, þá þarftu ekkert að hugsa mjög lengi og átta þig á því að þetta er ekkert hættulegt.“ (Snæbjörn Ragnarsson, 2016).*

En hvernig er það með rapptónlistina, eina af vinsælustu tónlistarstefnum Íslands í dag.

### 3.4 Rapp

Rapptónlist er enn eitt dæmi um tónlist á jaðri íslensku menningarelítunnar en íslenskt rapp á sér ekki langa sögu. Rappið var lítil og lokaður menningarkimi til að byrja með. Fyrstu raphljómsveitirnar voru Subterranean og Quarashi og komu þær fram um svipað leyti, þ.e. 1995 - 1996. Quarashi voru fyrstir til að gefa út rappsífu á Íslandi en þeir lögðu mun meiri áherslu á tónlistina frekar en innihald textanna, sem er jú mergur málsins þegar kemur að rappi (Árni Matthíasson, 2003;8-10; Árni Matthíasson, 2016). Subterranean og Quarashi röppuðu á ensku;

*„Textar þessara sveita voru alla jafna ágætlega saman settir en náðu ekki eins til áheyrenda og íslenskir textar áttu síðar eftir að gera. Greinilegt var að frumherjarnir í íslensku rappi þurftu að móta nýtt orðfæri og kynna nýja hugsun; ekki var hægt að sækja í sameiginlegan frasa- og slangursjóð eins og tíðkaðist í rappinu vestanhafs. Eins og liðsmenn Quarashi orðuðu það í viðtali skömmu áður en fyrsta plata hljómsveitarinnar kom út: „[P]ó Vesturbærinn sé eins og Bronx, þá erum við [bara] á Íslandi.““ (Árni Matthíasson, 2003;10).*

Tónlistarlega náði rappið engri sérstakri útbreiðslu hér á landi en kjörmynd rappsins og þessi hipp hopp menning þ.e.a.s. graffið, klæðnaðurinn og hin svokallaða hjólabrettamenning öðlaðist vinsældir meðal íslenskra ungmenna. Tónlistin náði engri sérstakri útbreiðslu fyrr en farið var að rappa á móðurmálinu (Árni Matthíasson, 2016; Árni Matthíasson, 2003;8-9; Arnar Freyr Frostason, 2016);

*„Það er ekki fyrr en menn fara að rappa á íslensku, að þá verður byltingin. Þessi gömlu sannindi að þótt allir kunni ensku, þá skilja þeir íslensku og það er svolítill munur á þessu tvennu að kunna og skilja. Þannig þegar þú heyrðir einhverja vera tala um hvað lífið væri ömurlegt í Breiðholti, þá hafði það allt önnur og sterkari áhrif heldur en þegar einhver var að rappa um hvað það væri ömurlegt að vera á Staten Island eins og wutang clan voru að gera. Ég myndi segja að stóra hindrunin þarna hafi verið tungumálið.“ (Árni Matthíasson, 2016).*

Aðrir íslenskir rapparar staðfesta það að allt hafi gjörbreyst þegar að rappað var fyrst á íslensku og að það hafi opnað augu fólks fyrir glænýju listformi (Arnar Freyr Frostason, 2016; Logi Pedro Stefánsson, 2016; Vigdís Ósk Howser, 2016). Það voru 110 Rottweiler hundar sem unnu Músíktílaunir árið 2000 og röppuðu opinskátt um íslenskan veruleika (Árni

Matthíasson, 2003:9). Fólk var samt hrætt við hversu opinskáir þeir voru og þá sérstaklega vegna barnanna;

*„Það sögðu allir -hvað með börnin! Þannig það var töluverður ótti hjá foreldrum að þeir voru að tala um svona ruddalega hluti. Ég man, þegar ég nefni það að ég kom einu sinni í sjónvarpsþátt hjá Agli Helgasyni að tala um þetta (hlær)! Það gekk það langt að þetta var rætt í sjónvarpi þessi hryllilega vá sem stafaði af þessum opinskáum textum þannig já! Fólk var hrætt og það var fár í þjóðfélaginu.“ (Árni Matthíasson, 2016).*

Fyrsta plata Rottweiler vakti mikla lukku en innihald textanna var „um það að vera nettur og segja fólki að halda kjafti og vera kjaftfor og það var svo mikið þönk í þessu því senan var svo mikið á jaðrinum. Þeir voru bara að rífast við alla og það var geðveikt að þeir létu í sér heyra“ (Arnar Freyr Frostason, 2016). Rottweilerhundarnir komu fram á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum árið 2002 við miklar undirtektir viðstaddra. Öllum nema Árna Johnsen það er að segja. Rottweilerhundarnir voru búnir að kveðja, kynna og syngja síðustu tvö lögin og var nú komið að Brekkusöngnum. Rithöfundurinn Gerður Kristný skrifaði um atvikið í bók sinni *Ég veit þú kemur: Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum 2002* og líkir sviðinu við brúðuleikhús;

*„Þá heyrast allt í einu upphafstónar lagsins "Þér er ekki boðið" og Bentsbrúðan dembir sér í nafnarununa þar sem meðal annars Árna Johnsen er getið og ekki boðið. Birtist þá ekki Árni, gestur Prúðuleikaranna í kvöld, við hlið Bentsbrúðunnar og leggur hönd á öxl hennar eins og hann sé að reyna að lempa hana í öllu þessu hömlulausa rappflæði. Hann réttir fram hina höndina, skýrt merki þess að hann vilji fá hljóðnemann afhentan en Bentinn lætur eins og hann skilji ekki þetta handapat og finnst greinilega ekkert að því að skemmta með Árna fastan við sig. Árni sér sitt óvænna, hverfur bak við og litlu síðar er slökkt á undirspilinu. Þá fær hann hljóðnemann auðvitað eins og ekkert sé. „Þetta er ekki Ársel. Þetta er þjóðhátíð í Eyjum. Hér ríkja reglur og Árna er víst boðið. Að minnsta kosti misboðið.““ (Gerður Kristný Guðjónsdóttir, 2002:138).*

Í greininni 30 *Íslenskir tónlistarskandalar* sem birtist í Fréttablaðinu árið 2010 segir að Árni Johnsen hafi rífið „hundana úr sambandi á miðjum tónleikum“ og að þeir hafi síðar samið lag um hann þar sem þeir ráku pólitískan feril hans (Fréttablaðið, 26. mars, 2010:49). Þetta var reyndar ekki í fyrsta sinn sem einhvers konar uppþot átti sér stað á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum vegna Árna. En það má segja að nokkurs konar fár hafi orðið útaf þessu atviki. Rottweilerhundarnir gáfu einnig út heimildarmynd þar sem atvikið er sýnt.

Í þessari sömu grein Fréttablaðsins er annar skandall nefndur sem tengist íslensku rappi. Það var þegar rapparinn Móri mætti með hníf í fótum sínum inn í hús 365 miðla. Móri var



mættur til þess að ógna aðalrappara Rottweilerhundanna, Erpi Eyvindarsyni, og hafði einnig hund með sér. Hann var síðan fljótur að láta sig hverfa þegar að lögreglan mætti á svæðið. Erpur kærði Móra fyrir árásina (Fréttablaðið, 26. mars 2010:48);

*„Það myndaðist svolítill umræða um það og það var mjög kómískt að fylgjast með eftirmálum því það var svo lítið mark tekið á því að það hefði átt sér stað alvarlegur atburður þar sem einn maður var að elta annan með hníf og doberman hund. Lögreglan ætlaði ekki að gefa út kærú í málinu því þeir töluðu um að þetta væri PR stunt.“ (Logi Pedro Stefánsson, 2016).*

Rappið var komið til að vera og var strax farið að ógna, en þó voru greinilega ekki allir sem tóku mark á þessu. Sumum fannst þetta vera allt eintómur leikaraskapur (Árni Matthíasson, 2016) og það gat alveg verið því að það er alveg hægt að gera alls kyns grín og sprella örlítið með þessa kjörmynd rapparans. En samt sem áður töluðu viðmælendur þessa verkefnis um það hve persónulegt rappið og textarnir væru (Arnar Freyr Frostason, 2016; Logi Pedro Stefánsson, 2016; Vigdís Ósk Howser, 2016).

Árni Matthíasson hefur kynnt sér sögu og þróun rapptónlistar og hvaðan þessi textahefð er komin. Hann segir að tónlistarstefnan eigi sér langa og fjölskrúðuga sögu sem hafi gengið í gegnum margvíslegar breytingar en uppruna rapptónlistar má rekja til söngskálda í Vestur Afríku sem eru kallaðir *griot* (Árni Matthíasson, 2003:8). En rapptónlist eins og við þekkjum hana, á rætur sínar að rekja aftur til sjöunda áratugar síðustu aldar í New York borg í Bandaríkjunum. Upphaflega voru það plötusnúðar sem sáu um undirspil sem var líflegur taktur og laglína sem var endurtekin á meðan rapparinn fór með óundirbúinn texta á staðnum. Það var ekki fyrr en á níunda áratug síðust aldar sem rapp hafði öðlast jafn miklar vinsældir og rokkið. Þetta var alvinsælasta tónlistarstefnan á þessum tíma (Arnett, 2003: 136).

Undir lok áttunda áratugarins var farið að bera á mörgum mismunandi tegundum af rapptónlist, en enginn einn rappari hafði sömu áherslur og sá næsti. Allir höfðu frá mismunandi veruleika að segja. Það sem skiptir mestu máli eru textarnir sem gefa rappinu þetta ögrandi yfirbragð (Arnett, 2003:136). Inntakið í textunum varð strax vandamál þegar rapp fór að heyrast á íslensku. Textarnir voru grófir og opinskáir en lýstu á sama tíma íslenskum veruleika og brutu niður ýmsar hindranir. Mönnum var einmitt í nöp við rapptónlist vegna þess að hún fór yfir ósýnilegar línur sem ekki mátti fara yfir (Árni Matthíasson, 2016; Arnar Freyr Frostason, 2016). Til dæmis *„Það sem við getum kallað textalegt daður við fíkniefnaneyslu og ofbeldi og það stuðaði mjög marga. Nú væri ungdómurinn loksins farinn til helvítis“* (Árni Matthíasson, 2016).

Ein af þeim tegundum rapptónlistar sem varð til var svokallað „bófarapp“ (e. *gangsta rap*). Það er e.t.v. ein mest ögrandi og þekktasta tegundin af rappi sem til er (Árni Matthíasson, 2003:8-9; Arnett, 2003: 136-137; Árni Matthíasson, 2016). Textar bófarapps einkennast af ofbeldisdýrkun, fíkniefnum og kvenfyrirlitningu (Árni Matthíasson, 2003:9; Arnett, 2003:136). Kvenfyrirlitning hafði komið við sögu í rokkinu, pönkinu og þungarokkinu, en bófarappið tók þetta ögn lengra og kölluðu konur hórur, tíkur og þar fram eftir götunum;

*„Rapptextar eru fullir reiði og gífuryrða í garð kvenna fyrir að vera svikular, óheiðarlegar, kynferðislega freistandi og tregar. Kynferði er gjarnan notað sem sönnun þess að karlmenn hafi vald yfir konum.“* (Arnett, 2003:136).

Kvenfyrirlitning hefur lengi verið viðloðandi rapptónlist og þá sennilegast vegna þess að rappið er mjög karllæg tónlistarstefna (Arnar Freyr Frostason, 2016), en það er blessunarlega að breytast. Svo virðist vera að meðlimum Rottweilerhundanna hafi ekki þótt aðrar tegundir af rappi virka á íslenskum markaði;

*„Alla vega hefur Erpur sjálfur sagt við mig að þegar hann var með pólitískt rapp, þegar hann rappaði um lögregluna og lögregluofbeldi, Palestínu og ríkistjórnina, þá var enginn að hlusta, bara jaðarinn, hans aðdáendur. En þegar hann byrjaði að rappa um mellur, peninga og djamm þá byrjaði hann að fá geðveika hlustun. Hann sagði þetta sjálfur við mig sko!“* (Vigdís Ósk Howser Harðardóttir, 2016).

Textar Rottweilerhundanna hafa að geyma fjöldamargar vísanir í áfengisneyslu og kvennafár, lauslætisdrósir og beyglur. Þó hafa íslenskir rapparar þurft að fara eigin leiðir til að skapa „séríslenskan rappstíl“ og þá sérstaklega þegar kom að bófarappinu. Aðstæður voru vissulega ekki þær sömu og annars staðar í heiminum;

*„Það hljómar ekki trúverðugt að menn séu að chilla í Breiðholtinu með byssu í vasanum, krakk í pípunni og beyglur upp á arminn. Það er þó ýmislegt sem hægt er að amast yfir, meðal annars peningamál, og svo eru það krytur milli rappara, sem er jafnan vinsælt yrkisefni.“* (Árni Matthíasson 2003:10).

Pólitísk afstaða textahöfunda var auðsjáanleg ef hlustað er á plötur þeirra í heild sinni. „Þá hörð vinstrimennska sem á þó meira skylt við anarkíska róttækni, enda eru menn líka gagnrýndir á vinstri vængnum.“ (Árni Matthíasson, 2003:9-10).

En þrátt fyrir karllægan tónlistarheim virðist vera mikill uppgangur hjá konum í rappi á Íslandi í dag og má þar nefna Reykjavíkurdætur. „Þær eru það besta sem hefur gerst fyrir

*íslensku senuna, mögulega íslenska tónlistarlífið í mörg mörg ár. Þvílík hreyfing sem á allt gott skilið“ (Arnar Freyr Frostason, 2016).*

Siðafár og rapptónlist virðast eiga langa sögu saman, en þó eru siðafárin ekki endilega jafn mikil alls staðar í heiminum. Flest samfélög hafa þó einhvers konar hugmynd um hvernig stereótýpa rappsins er og hvað gerir hana að fráviki;

*„Meðan til hefur verið óupplýst fólk og latir blaðamenn, þá hefur orðið siðafár. Það virðist vera reglan, þegar eitthvað fylgir ekki norminu eða samfélagsviðmiðum, að það er talið hættulegt almenningi. Þetta gildir sérstaklega varðandi rapp, þar sem síendurtekið siðafár hefur orðið allt frá upphafi þess í byrjun áttunda áratugarins. Því miður, hafa þessar skoðanir haft í för með sér rasískar tilvísanir, lögregluofbeldi og jafnvel dauða.“ (O'Brien, 2015).*

Alls kyns fordómar ríkja gagnvart þessari stereótýpu rappsins. Skotvopn er eitt af því sem loðir við þessa ímynd rapparans og þá sérstaklega erlendis. Skotvopn eru raunverulegt vandamál á fjölmörgum stöðum í heiminum. Fólk hefur oft en ekki skellt skuldinni á rapptónlist og tónlistarmennina en sem dæmi má nefna hvernig rapparar bera skotvopn í tónlistarmyndböndum sínum. Skotvopn nota þeir eins og skartgripir en á sama tíma firra þeir sig allri ábyrgð og segja það ekki þeim að kenna að ungt fólk, sem lítur upp til þeirra, taki upp skotvopn og jafnvel skjóti jafnaldra sína. Maður veltir fyrir sér hvort þetta sé siðafár eða bara raunverulegt vandamál (Zylinska, 2004). En svo vill nú heppilega til að skotvopn hafa ekki verið áberandi þegar kemur að ímyndarsköpun hins íslenska rappara;

*„Íslenski rapparinn er mjög frjálur. Hann er ekki skotinn úti á götu. Ef hann er í deilum við einhvern, þá er það útkljáð í næsta bjór á Prikínu. Það er hægt að gera allt sem þú vilt, bara ef þú tekur gagnrýni. Það gæti orðið erfðara fyrir konu að segja það sem hún vill því það er bara þannig í samfélaginu. En ef þú ert nógu sterkur einstaklingur, þá máttu það.“ (Vigdís Ósk Howser Harðardóttir, 2016).*

Eftir að Reykjavíkurdætur stigu á stökk hafa þær fjallað um fjölbreytt efni, sem ekki er viðurkennt að tala um, í rappi sínu. Það er óhætt að segja að þær séu umdeildar. Vigdís Ósk, fyrrum meðlimur sveitarinnar hafði orð á því að rappsveitin hafi oft verið sett í sama flokk og barnahljómsveitir. Þær eru vissulega fyrirmyndir þar sem þær hafa rutt brautina fyrir aðra kvenrappara, en margt í textum þeirra er ekki fyrir börn eins og kynlíf og djamm, og það sama eigi við um annað íslenskt rapp (Vigdís Ósk Howser, 2016).

Reykjavíkurdætur ögra í sífellu, ekki bara með textunum heldur einnig framkomu sinni á ýmsum sviðum. Þær til að mynda auglýstu eftir sjálfboðaliða fyrir tónleika sína og átti

sjálfboðaliðinn að vera fórn. Þær eru yfirlýstir feministar og ögra þessum ósýnilegu línunum í samfélaginu. Textar þeirra eru mjög pólitískir og hafa allir einhver skilaboð. Stærsta og nýjasta hneykslið var, þegar Ágústa Eva Erlendsdóttir labbaði út úr myndveru RÚV, þegar Reykjavíkurdætur fluttu lagið „Ógeðsleg“ í spjallþættinum Vikan sem Gísli Marteinn Baldursson hefur umsjón með. „Það var það eina sem allir töluðu um í viku. Það hefur aldrei, aldrei verið svona distinctif umræða um neinn íslenskan rappara á þessu leveli og hefur verið um Reykjavíkurdætur“ (Vigdís Ósk Howser Harðardóttir, 2016). Ágústa Eva tjáði sig á samfélagsmiðlum og var það birt í umfjöllun um atburðinn á fréttamiðlinum Vísir.is;

*„Fyndið að gefa þjóðfélagshóp alla þolinmæði og tolerans í heimi fyrir dónaskap og ósmekkleghheit bara af því að þær eru kvk og feministar. Þvílíka drullu og yfirgang og ósmekkleghheit hef ég aldrei áður orðið vitni af. Skamm RUV og stelpur fyrir að koma með þetta rusl í fjölskyldudagskrá á ríkissjónvarpi. Oft hef ég fengið kjánahroll en aldrei skammast min jafn mikið og nú. Hlustar td einhver á lagatexta nú til dags? Skora á ykkur að lesa þennan texta.“ (Ágústa Eva Erlendsdóttir í frétt Vísis, 27. febrúar, 2016).*

Margir hneyksluðust á atriðinu en einnig bar á gagnrýni á framkomu Ágústu Evu sem hafði leikið hina dónalegu og hrokafullu Silvíu Nótt á sínum tíma. Ýmsar vangaveltur og gagnrýni voru á lofti. Er Vikan fjölskylduþáttur, fóru Reykjavíkurdætur yfir strikið, er Gísli Marteinn hæfur þáttastjórnandi eða var þetta allt saman upphlaup út af engu? Athugasemdakerfi netmiðlanna iðaði og allir virtust þurfa að tjá sig um þetta. Sumir höfðu mikla samkennd með Ágústu Evu og skildu hvers vegna hún strunsaði út á meðan aðrir kölluðu það tepruskap og hræsni í henni, þar sem Reykjavíkurdætur væru aðeins að fjalla um ljótleikann sem enginn vill vita af, þ.e. að fara yfir ósýnilegu línurnar. Hefðu viðbrögðin e.t.v. orðið þau sömu, ef það hefðu verið karlmenn í myndverinu þetta kvöld? Hér eru tvö dæmi um ummæli úr kommentakerfinu;

*„Málið er á viðkvæmu stigi, svo Silvíu Ágústsnótt þarf ekki að hrökkva upp af siðferðisþröskuldinum. Afhverju mega stelpur ekki nota gilt listform eins og strákar og fara með með þulu í sjónvarpi? Þær voru allar fullklæddar og þó ein væri með gerfilim er það ekki tiltökumál. Ömmur þeirra hafa sennilega oft farið með þulur, þó, ef til vill ekki svona djarfar. Manni býður oft erfiðar aðstæður þegar rekin eru erindi hjá hinu obinbera að þurfa að horfa ofan í brjóstaskorurnar á kvenkyninu þar til mönnum fer að blýstanda og reka sig í alla hurðakarma þá er gengið er út svo liggur við meiðingum og enginn kærir. Þetta voru bara líflugar hreyfingar og fínasta skemmtun og*

*góður endir á kvöldvöku og rabbstund. Lífið er skemmtilegt, nema fyrir fylupoka.“*  
(*Porsteinn H Gunnarsson. Vísir.is, 27. febrúar 2016*).

*„Ég er nú frekar víðsýn manneskja, en er þetta ekki þáttur sem er sýndur þegar börnin eru vakandi flest öll? Mín skoðun er sú að það þarf að gæta betur að því hvað börnum og ungmennum er boðið upp á. Svo er þetta bara lélegt og textinn illa skrifaður.“*  
(*Margrét Hafsteinsdóttir. Vísir.is, 27. febrúar 2016*).

Parna eru greinileg merki um siðafár í þessu máli. Þessi ummæli úr athugasemdakerfunum þjóna sama tilgangi og innsendar greinar í dagblöðin gerðu á tímum rokk- og djasstónlistar. Enn annað dæmi mætti taka og þá í tengslum við rapparann Gísla Pálma. Hann er sennilegast besta dæmið um „bófarappara“ eða „gansta rapper“ á Íslandi í dag. Bæði Reykjavíkurdætur og Gísli Pálmi rappa um það sem er raunverulegt og feimnismál. En hvers vegna brást fólk verr við því sem Reykjavíkurdætur voru að rappa um í spjallþættinum hjá Gísli Marteini á meðan Nútíminn var hugsanlega eini fréttamiðillinn sem benti á fjölda blótsyrða Gísla Pálma á Arnarhóli fyrir framan hundruðir barna og foreldra þeirra á Menningarnótt. Blaðamenn Nútímans töldu 39 blótsyrði þetta kvöld frá honum einum (Nútíminn, 23. ágúst 2015). Það er greinilegt að það er ekki sama hver er með orðið eða um hvað er verið að rappa.

Að frátöldum blótsyrðunum hefur umræða um Gísla Pálma verið mikil á samfélagsmiðlum en hann rappar nokkuð opinskátt um fíkniefni. Enn og aftur, fíkniefni eru hluti af okkar veruleika rétt eins og ljótleikinn sem Reykjavíkurdætur röppuðu um;

*„Mér finnst hræðilegt hversu oft röppurum er kennt um vandamál sem þeir eru einfaldlega að lýsa. Vandamálið er til staðar, rapparar fjalla um það, þá er þeim allt í einu kennt um þennan hlut! Það er ógeðslega heimskulegt, en það er bara af því að við erum hreinskilin og fjöllum um raunveruleikann á hreinskilinn hátt. Það er bara erfitt að heyra. Fólki finnst mjög erfitt að heyra það.“* (Arnar Freyr Frostason, 2016).

Fíkniefni hafa verið hluti af tónlist á Íslandi í tugi ára. Stuðmenn sungu um það sem var „í bláum skugga“ og Bubbi Morthens talaði um „Svartan Afgan“, svo eitthvað sé nefnt. Þessir tónlistarmenn töluðu undir rós á meðan menn eins og Gísli Pálmi tala tæpitungulaust um „hvítt hvítt duft“ og önnur eiturlyf (Logi Pedro Stefánsson, 2016). Það virðist vera nokkuð algengt að rapparar séu gerðir ábyrgir fyrir því sem þeir fjalla um, en þeir eru einfaldlega sögumennirnir í þessu samhengi og þó svo sögumenn lýsi sínum veruleika eða bara raunveruleikanum, þá er ekki við þá að sakast ef eiturlyfjaneysla eða kynferðisofbeldi er samfélagslegt vandamál. „Þegar þetta er svona ótrúlega „ekkert verið að fela“ eins og Gísli

*Pálmi gerir, þá verður fólk hrætt. Ég held bara að fólk sé óvant því“* (Logi Pedro Stefánsson, 2016).

Í dag mætti segja að við lifum á gullöld rapptónlistar á Íslandi nú á öðrum áratugi tuttugustu og fyrstu aldar. Vinsælustu tónlistarmenn landsins eru rapparar og mikil gróska er innan tónlistarstefnunnar (Logi Pedro Stefánsson, 2016; Arnar Freyr Frostason, 2016; Árni Matthíasson, 2016; Vigdís Ósk Howser Harðardóttir, 2016). Rappkynslóðin er í raun að fjalla um veruleikann með sínu listformi eins og hann birtist þeim. Það sama virðist eiga við um alla list og svo vitnað sé til orða djasssöngkonunnar Ninu Simone sem sagði „*Í mínum huga, er það skylda hvers listamanns að endurspegla sinn samtíma*“ (Nina Simone. azquotes.com).

## 4 Gerð þáttanna

Í þessum kafla verður fjallað um ferlið við gerð útvarpsþáttanna þriggja. Allt frá vali á viðmælendum og framvindu viðtala, val á tónlist, uppbyggingu þáttanna og stúdíóvinnu. Þá verður einnig farið yfir þau vandamál sem upp komu í ferlinu og þær breytingar sem gerðar voru á upphaflegu plani.

### 4.1 Viðmælendur

Val á viðmælendum er mjög mikilvægt í þessu verkefni. Markmiðið var að fá a.m.k. einn fræðimann og einn tónlistarmann í hvern þátt fyrir sig. Þegar talað er um fræðimann þá getur það verið einhver sem hefur upplifað eða starfað innan tónlistarsenunnar eða þekkir sögu hennar mjög vel. Það er þá einna helst fjölmiðlafólk í bland við tónlistarfólk og var það niðurstaðan í flestum tilfellum.

Einnig var stefnt á að gæta kynjahlutfalls en þær tónlistarstefnur sem ég kaus að fjalla um eru sumar heldur karlmiðaðar, svo úr varð að karlmenn eru í meirihluta og aðeins tvær konur koma fram í þáttunum.

Það þarf vart að taka það fram að allir þessir viðmælendur sem koma fram í þáttunum eru miklir tónlistarsérfræðingar, en þess vegna urðu þeir fyrir valinu. Þættirnir skiptast á eftirfarandi hátt; fyrsti þáttur fjallar um rokk og síðafár, annar þáttur um þungarokk og síðafár og þriðji og síðasti fjallar um rapp og síðafár. Viðmælendur í fyrsta þætti eru Andrea Jónsdóttir útvarpskona, Jónatan Garðarsson útvarpsmaður og loks Þorsteinn Eggertsson textahöfundur. Í öðrum þætti eru viðmælendur Kristján Kristjánsson, þ.e. Kiddi Rokk, plötusali í Smekkleysu, Stefán Magnússon hugmyndasmiður Eistnaflugs og rekstrarstjóri Hard Rock Café á Íslandi og loks Snæbjörn Ragnarsson hljómsveitarmeðlimur Skálmaldar. Í þriðja og síðasta þætti eru það Arnar Freyr Frostason meðlimur í rappgrúppunni Úlfur Úlfur, Árni Matthíasson blaðamaður Morgunblaðsins, Logi Pedro Stefánsson pródúsent og meðlimur í Retro Stefson og loks Vigdís Ósk Howser Harðardóttir fyrrum meðlimur í rappsveitinni Reykjavíkurdætur.

### 4.2 Viðtöl

Góður undirbúningur er lykilatriði þegar kemur að gagnasöfnun. Áður en byrjað er á viðtölum er mikilvægt að hafa aflað sér einhvers konar grunnþekkingar á umfjöllunarefninu (Sims og Stephens, 2005: 205; Dilley, 2000:131).

Viðtöl eru eigindleg rannsóknaraðferð og tíðkast hvað mest í félagsvísindum. Grunnám mitt var í félagsvísindum, en sú aðferðafræði, sem ég hef lært, á rætur sínar að rekja til þjóðfræði. Eigindlegar aðferðir eru notaðar þar til þess að fá dýpri og nákvæmari skilning á

því sem rannsaka skal, en megnið af rannsóknarefni þjóðfræðinga eru fyrirbæri sem lítið hafa verið rannsökuð eða skrifað um (Sims og Stephens, 2005:2-3, 202).

Undirbúningsvinna mín dreifðist yfir svo langt tímabil að það er erfitt að segja til um það hvenær ég byrjaði formlega að skoða heimildir og glugga í tónlistarsögubækur, eins og fram kom í kafla 1.1 um val verkefnisins. Það má rekja þennan áhuga minn á siðafári og tónlist til 2013, þegar ég hóf nám í blaða- og fréttamennsku í Háskóla Íslands. Ég hef þó alltaf haft áhuga á tónlist. Það er því óhætt að segja að ég hafði einhverja þekkingu á tónlistarsögu Íslands í tengslum við siðafár svo það auðveldaði mér að stýra viðtölunum án þess að styðjast of mikið við spurningar á blaði. Ég hafði samt sem áður blað með spurningum meðferðis í öll viðtölin.

Varðandi spurningarnar í viðtölum, er mikilvægt að hafa í huga að spyrja opinna spurninga til þess að hafa ekki áhrif á eða móta svör heimildarmanna (Sims og Stephens, 2005:209). Það þarf að passa upp á að gefa viðmælendum frelsi til frásagnar og að vera ekki með fyrirfram ákveðnar hugmyndir um niðurstöðu. Gott er að hafa áhrifakenningarnar í huga sem fjallað var um í kafla 2.3, að framsetning fjölmiðla á fréttum og öðru efni, hefur áhrif á skoðanir fólks og á það hvernig það hugsar (McQuail, 2005; Alda Áskelsdóttir, 2009). Ég skrifaði gróflega upp þær spurningar sem ég vildi fá svör við og hafði þær opnar og alls ekki of margar. Ég vildi að viðtalið myndi flæða eðlilega og að viðmælandinn fengi nægt rými til að segja frá sinni upplifun og deila vitneskju sinni með mér.

Viðtölin gengu vel, en ég ákvað að taka viðtölin fyrir rappþáttinn fyrst. Það tók þrjá daga að taka þau viðtöl, sem voru fjögur talsins. Ég tók fyrst viðtal við Loga Pedro. Viku seinna tók ég viðtal við Vigdísi Ósk og loks viku eftir það tók ég tvö viðtöl á sama degi við Arnar Frey og svo Árna Matthíasson. Ég viðurkenni að ég var ekkert alltof bjartsýn á framvindu mála eftir fyrstu tvö viðtölin, en eftir að hafa spjallað við Arnar og Árna, smallt allt saman eins og ég hafði hugsaði mér. Þetta er gott dæmi um að ekki er heldur gott að hafa of fáa viðmælendur en tveir eru lágmark. Fyrsta handritið var því unnið strax nokkrum dögum síðar og var það því tilbúið mjög snemma í ferlinu. Það erfiðasta í ferlinu var samt hversu ótrúlega góð og innihaldsríki þessi tvö síðustu viðtöl voru. Mig langaði að nota allt sem bæði Arnar og Árni sögðu. Við vinnslu handritsins voru nokkrar vangaveltur varðandi hlutverk blaðamanns. Í 3. grein siðareglna blaðamannafélags Íslands segir;

*„Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur*



*saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.“*  
(Blaðamannafélag Íslands).

Þetta er mjög mikilvægt og einnig það sem kemur fram í 4. grein siðareglanna, varðandi að virða trúnað við heimildarmenn sína (Blaðamannafélag Íslands). Almenn hegningarlög, nr. 19/1940 í kaflanum „ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs“, benda til þess að brot gegn æru og einkalífi séu refsiverð. Það kemur skýrt og greinilega fram í greinum 233 til 235, að sá sem á einn eða annan hátt ræðst opinberlega á einhvern með háði, smánun, ógnun eða þá meiðir æru annars manns með móðgandi orðum eða athöfnum, dróttar að öðrum manni einhverju sem skemmir mannorð og virðingu einstaklings, þarf að sæta fangelsisvistun eða greiða sekt (Alþingi.is). Í meiðyrðamálum hefur verndun einkalífsins meira vægi en tjáningarfrelsið.

Allt þetta er nú tekið fram hér af góðri ástæðu. Þannig er nú mál með vexti að umræðan í viðtölunum fór oft að snúast um einn ákveðinn rappara. Sumir viðmælenda minna báru það undir mig eftir viðtalið að þeir vildu alls ekki segja neitt sem myndi særa þennan rappara eða meiða æru hans. Þetta tók ég mjög alvarlega og grandskoðaði upptökurnar hjá hverjum og einum og reyndi að forðast eins og ég best gat að talað væri niður til einhvers á einhvern hátt í frásögnum viðmælenda minna. Hvorki vil ég koma þeim í vond mál né sjálfri mér. Þetta voru svona helstu vandræðin sem ég lenti í með þessi fyrstu viðtöl.

Næstu viðtöl voru ekki eins skipulögð þar sem ég var enn í vafa með val á viðmælendum. Ég tók fyrst viðtal við Snæbjörn í Skálmöld og þótti mér viðtalið ekki vera nógu innihaldsgott því að ég fékk nánast engin dæmi um siðafár. Það olli mér áhyggjum en það var margt annað nytsamlegt sem kom fram sem hægt var að nota. Því næst tók ég viðtal við Stefán Magnússon og gekk það vel fyrir utan lætin sem voru í kring. Ég hafði farið á Hard Rock Café, sem var enn í smíðum, til að hitta hann og því mikil læti í iðnaðarmönnum. Ég viðurkenni að ég hefði getað hugsað betri stað til að hitta hann á. Þegar kom að því að hlusta á viðtölin og fara yfir þau kom í ljós að hljóðið var alls ekki gott á hvorugri upptökunni. Viðtalið við Snæbjörn hljómaði eins og hann væri inni í dós og viðtalið við Stefán var uppfyllt af látum í iðnaðarmönnum sem truflaði alltaf inn á milli. Ég tók því þá ákvörðun að taka viðtal við þá aftur, sem þeir samþykktu. Í seinna skiptið fékk ég mun betra viðtal við Snæbjörn, en ekki eins gott við Stefán. Næst tók ég viðtal við Kidda rokk. Hann bað mig að hitta sig á litlu kaffihúsi á Laugaveginum. Viðtalið var stutt og einkenndist örlítið af því að hann hafði fengið tak í bakið sem læsti í raun málbeininu á honum. En viðtalið var vissulega hægt að nota þó það hafi aðeins varað í 20 mínútur. Það var spurning hvort þyrfti eitt viðtal til viðbótar en eftir

að hafa skoðað heimildir og hlustað á viðtölin taldi ég þetta nóg. En útkoman í þessum þætti var mun áhugaverðari en ég átti von á.

Þá var röðin komin að rokkinu og urðu þau Andrea Jónsdóttir og Þorsteinn Eggertsson fyrir valinu. Fyrst fór ég og hitti Jónatan Garðarsson, en hann er mjög fróður um tónlist á Íslandi. Hann tók á móti mér uppi í Útvarpshúsi. Við fengum að sitja í stúdíói 4, sem kom sér mjög vel. Viðtalið kom mjög vel út, reyndar slokknaði á upptökutækinu þegar viðtalið var meira en hálfnað svo það vantaði aðeins upp á það sem hann sagði mér frá. Ég hafði samband við Jónatan og ætlaði að fá restina hjá honum aftur en hætti svo við því mér fannst ég ekki þurfa þess þegar ég var búin að tala við hina tvo viðmælendurnar, þau Andreu og Þorstein. Viðtölin við þau voru punkturinn yfir i-ið, ef svo má komast að orði. Ég fór og hitti Andreu á lítilli krá í vesturbænum og áttum við langt og gott spjall. Þorsteinn bauð heim í kaffi og áttum við einnig langt og gott spjall.

Loks hófst handritagerð að nýju þegar gagnasöfnun var nú formlega lokið.

### 4.3 Val á tónlist

Þar sem umfjöllunarefnið er tónlist er nokkuð augljóst að spiluð verður tónlist. Tónlistin er valin af margvíslegum ástæðum en þó oftast vegna þess að viðkomandi lag er nefnt af viðmælendum, eða þá að talað er um flytjandi þess. Ýmist verða lagabrot og heil lög spiluð þar sem löggin eiga að myndskreyta. Upphafslög þáttanna eru líka spiluð í lok þeirra og eru þau misjöfn eftir því hvaða tónlistarstefnu er verið að fjalla um, þá er helst reynt að hafa kafla þar sem er lítill eða enginn söngur, sem upphafs og lokastef, ef möguleiki er. Upphafslag fyrsta þáttar er *Limbó*, *Rokk*, *Twist* með Ómari Ragnarssyni, í öðrum þætti er það *Hvað viltu mér?* með Start og loks *Bent nálgast* með XXX Rottweiler.

Ákveðin lög hafa verið valin fyrir þáttinn, en við vinnslu þáttanna í samstarfi við Óla Palla, gæti lagavalið hugsanlega breyst. Eftirfarandi eru lög sem valin hafa verið í þættina.

Þáttur 1:

***Rock Around the Clock*** – Bill Haley and his Comets. Lagið er spilað rétt áður en Jónatan Garðarsson fer að tala um hljómleika Bill Haley og hljómsveitar hér á Íslandi.

***Teach you to rock*** – Tony Crombie and his Rockets. Lagið er spilað í beinu framhaldi af frásögn Jónatans Garðarssonar á tónleikunum sem Tony Crombie og hljómsveit héldu hér á landi. Rétt á eftir laginu er lesin upp grein sem lýsti ástandinu á tónleikunum.

***Heartbreak Hotel*** – Elvis Prestley. Lagið er spilað í beinu framhaldi af frásögn Andreu Jónsdóttur um það þegar þetta lag Elvis hljómaði í fyrsta sinn í útvarpi.

***Komdu í kvöld*** – Ragnar Bjarnason. Lagið er spilað í beinu framhaldi af frásögn Andreu Jónsdóttur að rokklög þessa tíma, séu skilgreind sem dægurlög í dag.

***Hound dog*** – Elvis Prestley. Lagið er spilað í beinu framhaldi af frásögn Þorsteins Eggertssonar um flökkusöguna af íslenska bóndanum sem fékk hjartaáfall og dó, þegar hann heyrði þetta leikið í útvarpinu.

***Prek og tár*** – Erla Þorsteinsdóttir og Haukur Morthens. Lagið er spilað í beinu framhaldi af frásögn Þorsteins Eggertssonar um það að ættjarðarlög séu ávallt spiluðu rétt fyrir fréttir.

***Vagg og velta*** – Erla Þorsteinsdóttir. Lagið er spilað í beinu framhaldi af frásögn Jónatans Garðarssonar um þetta tiltekna lag og bönnuð lög í íslensku útvarpi.

***Allt á floti*** – Skafti Ólafsson. Lagið er spilað í beinu framhaldi af frásögn Jónatans Garðarssonar um þetta tiltekna lag og bönnuð lög í íslensku útvarpi.

***Ég vild' ég væri*** – Svavar Lárusson. Lagið er spilað í beinu framhaldi af frásögn Þorsteins Eggertssonar um þetta tiltekna lag.

Þáttur 2:

***Welcome to the Show*** - Drýsil. Lagið er spilað í beinu framhaldi af frásöng Kristjáns Kristjánssonar um fyrstu þungarokksböndin á Íslandi og nefnir hann hljómsveitina Drýsil.

***Seek and destroy*** – Metallica . Lagið er spilað í beinu framhaldi af frásögn Kristjáns Kristjánssonar um það þegar Metallica og fleiri hljómsveitir fóru að verða vinsælar.

***Ólsen Ólsen*** – Lúdó og Stefán. Lagið er spilað í beinu framhaldi af frásögn Snæbjörns Ragnarssonar um að Lúdó og Stefán hafi verið þungarokk.

***Rock the Night*** – Europe. Lagið er spilað í beinu framhaldi af frásögn Snæbjörns Ragnarssonar um það þegar að hann heyrði í hljómsveitinni Europe fyrst.

***Niflheimur*** – Skálmöld. Lagið er spilað í beinu framhaldi af frásögn Stefáns Magnússonar um Eistnaflug.

***Köld*** – Sólstafir. Lagið er spilað í beinu framhaldi af frásögn Snæbjörns Ragnarssonar um þróun þungarokksins og hvernig fólk fór að tala um að þungarokkarar væru hið besta fólk eins og það væri eitthvað skrítið. Hann nefnir hljómsveitina Sólstafi í þessu samhengi.

***Dauð Hóra*** – HAM. Lagið er spilað í beinu framhaldi af frásögn Stefáns Magnússonar um það hvernig fólk er klætt á Eistnaflugi.

***Ég Brenn*** – Dimma. Lagið er spilað í beinu framhaldi af fullyrðingu Kristjáns Kristjánssonar um að hljómsveitir eins og Skálmöld og Dimma hafi brotið ísinn og séu að gera góða hluti.

***South of Heaven*** – Slayer. Lagið er spilað í framhaldi af frásögn Snæbjörns Ragnarssonar um að fólk í upplýstu samfélagi hljóti að átta sig á því að þungarokk er ekki hættulegt.

***Aces High*** – Iron Maiden. Lagið er spilað í framhaldi af blaðagrein sem fjallaði um hversu drepleiðinlegt þungarokk sé og nefnir höfundur greinarinnar meðal annars Iron Maiden.

***Madhouse*** – Anthrax. Lagið er spilað í beinu framhaldi af frásögn Snæbjörns Ragnarssonar. Hann segir frá því að það sé endilega ekki gott að þungarokk hætti að vera jaðartónlist og nefir í því samhengi að honum finnist það ekki sniðugt að mamma sín færi að hlusta á Anthrax í Ríkisútvarpinu á leið til vinnu.

***Heaven's on Fire*** – Kiss. Lagið er spilað í framhaldi af blaðagrein sem er lesin. Blaðgreininin fjallar um það þegar að Snorri í Betel heldur brennu ásamt fjölda ungmenna í Vestmannaeyjum. Þar voru plötur með Kiss, meðal annars brenndar.

***Niðavellir*** – Skálmöld. Lagið er spilað í framhaldi af frásögn Snæbjörns Ragnarssonar um Vestmannaeyja brennuna.

Þáttur 3:

*My Style is Phreaky* – Subterranean. Lagið kemur í framhaldi af frásögn Árna Matthíassonar um upphaf rapptónlistar á Íslandi og nefnir hann t.d. Subterranean.

*Hí á þig* – XXX Rottweiler og Ómar Ragnarsson. Lagið kemur í beinu framhaldi af frásögn Arnars Freys um lagið.

*Þér er ekki boðið* – XXX Rottweiler. Lagið kemur í beinu framhaldi af frásögn Árna og Arnars Freys um rapp á íslensku og að það hafi verið fár.

*Strákarnir* – Emmsjé Gauti. Lagið kemur í beinu framhaldi af frásögn Arnars Freys um að rapparar séu heldur ekkert að taka hlutverk sitt of alvarlega.

*XXX* – XXX Rottweiler. Lagið kemur í beinu framhaldi af því að Logi Pedro segir frá atvikinu með hnífinn milli Móra og Erps og segir það hafa verið frekar hlægilegt. Í framhaldi af lagiinu talar Árni Matthíasson um það að allir rapparar séu að leika og vitnar einmitt í myndband lagsins XXX.

*100 þúsund krónur* – Úlfur Úlfur. Lagið kemur rétt áður og strax í framhaldi af því þegar Arnar Freyr segir frá því að rapparar séu persónulegir og hreinskilnir. Texti lagsins segir „*mamma kenndi mér að vera alltaf hreinskilinn*“ og passar inn í þetta samhengi.

*Rigning á heiðskírum degi* – Afkvæmi Guðanna. Lagið kemur í beinu framhaldi af frásögn Árna Matthíassonar um ósýnilegu línurnar sem rapparar fara yfir í textum sínum. Strax í framhaldi af lagiinu talar Arnar Freyr um rödd rapparans.

*Viltu Dick* –Blaz Roca og Sykur. Lagið er spilað í framhaldi af frásögn Vigdísar um það þegar Erpur sagði henni að pólitíska rappið hans virkaði illa á fólk og að það væri bara þegar hann rappaði um djamm, mellur og peninga að hann fengi spilun og að fólk hlustaði.

*Við elskum þessar mellur* – Emmsjé Gauti og Blaz Roca. Lagið kemur í beinu framhaldi af frásögn Vigdísar um innihald rapptexta, um að pólitískt rapp nái ekki eins miklum vinsældum og rapp sem sé niðrandi á einhvern hátt fyrir konur.

*Ógeðsleg* – Reykjavíkurdætur. Lagið kemur rétt áður en Vigdís talar um atvikið í þættinum Vikan hjá Gísla Marteini þar sem þetta tiltekna lag var flutt og Ágústa Eva labbaði út, þar sem henni ofbauð.

*Ískaldur* – Gísli Pálmi. Lagið kemur rétt áður en Arnar talar um að röppurum sé oft kennt um eitthvað sem þeir séu einfaldlega að segja frá og nefnir Gísla Pálma sem dæmi.

#### 4.4 Uppbygging þáttanna

Í þáttunum þrem er skoðað hvort siðafár hafi verið á Íslandi í tengslum við ákveðnar tónlistarstefnur, þ.e. rokk, þungarokk og rapp. Fjallað er um hverja og eina tónlistarstefnu fyrir sig í tímaröð, en upphaflega var ákveðið að það yrði hentugasta uppbygging þáttanna. Það má því segja að hver og einn þáttur sé sjálfstæður.

Eins og fram kom í kafla 4.1 um viðmælendur, þá er góð ástæða fyrir því að þeir viðmælendur sem eru í þáttunum voru valdir. Í kaflanum er gerð grein fyrir því og skýrt hverjir koma fram í hvaða þætti og hvers vegna. Í rokkþættinum eru það Andrea Jónsdóttir, Þorsteinn Eggertsson og Jónatan Garðarsson. Í þungarokkþættinum eru það Snæbjörn Ragnarsson, Kristján Kristjánsson og Stefán Magnússon. Loks í rappþættinum eru það Arnar Freyr Frostason, Vigdís Ósk Howser Harðardóttir, Logi Pedro Stefánsson og Árni Matthíasson.

Í fyrsta þættinum, sem fjallar um rokk, kemur smá útskýring á því hvað siðafár er, svo að hlustandi skilji hugtakið betur. Uppbygging hvers þáttar fyrir sig tekur mið af frásögnum viðmælenda og tónlist í bland við blaðagreinar sem birtust á tímum hverrar tónlistarstefnu. Með þessu móti er reynt að sína fram á að um einhvers konar siðafár hafi verið að ræða á Íslandi í tengslum við tónlist, rétt eins og annars staðar í heiminum.

#### 4.5 Klipping og stúdíóvinna

Öll klippivinna er gerð í samráði við Óla Palla, en þættirnir verða spilaðir í *Rokklandi* á Rás 2. Ég mætti í stúdíó hjá Óla Palla með tónlistina og viðtalsbútana á minniskubbi. Þættirnir voru klipptir saman og ég las inn textabúta fyrir þættina. Ég hafði meðferðis handritin að þáttunum sem birt eru í viðauka þessarar greinargerðar. Í þeim gaf ég skýr fyrirmæli um hvar skildi klippa og hvar tónlistin kæmi inn. Þau vinnubrögð lærði ég á sumarnámskeiði Háskóla Íslands í samstarfi við RÚV, en þá gerði ég fyrsta útvarpsþáttinn um siðafár og tónlist og fjallaði þá um djasstónlist. Það námskeið nýttist því sérlega vel þegar kom að vinnubrögðum í stúdíói og öllu sem tengdist klippingu efnis. Í þessu tilfelli vann ég þættina með Óla Palla og urðu því

einhverjar breytingar á handritum eftir að vinnsla þáttanna hófst, þó ekki efnisleg breyting heldur einungis breytingar á lagavali og framsetningu.

## 5 Umræður og lokaorð

Þegar upp er staðið virðist vera að þetta lokaverkefni hafi þverfaglegt gildi. Það snertir á félagsfræði, þjóð-, tónlistar- og menningarfræði og er á sama tíma lokaverkefni til blaða- og fréttamennsku.

Tónlist hefur vissulega valdið usla í íslensku samfélagi, á mismunandi hátt og misjafnlega mikið. Rokk og rapp virðist hafa valdið mestum usla en þungarokk raunverulega ekki neitt. Íslendingar hafa sennilega lært af rokksíðafárinu því allir viðmælendur töluðu um að þrátt fyrir allt væru Íslendingar umburðarlyndir inn við beinið;

*„Við erum náttúrulega mjög framarlega. [...] Sama hvað hver segir, þá erum við Íslendingar í grunninn umburðarlyndir. Við viljum einhvern veginn að allir fái að njóta sín svo lengi sem það bitnar ekki á öðrum. Auðvitað eru náttúrulega rosalega háværir hópar sem að segja eitthvað annað og rífa kjaft en heilt yfir þá fær fólk sjéns.“*  
(Snæbjörn Ragnarsson, 2016).

Öll ný tónlist hefur þurft að glíma við útvarpspúkann. Það er ekkert grín að fá tónlistina sína í spilun og þá einkum og sér í lagi ef um er að ræða eitthvað sem er öðruvísi og algjörlega út fyrir kassann. Það tekur smá tíma fyrir fólk að venjast nýjungum en Íslendingar virðast vera nokkuð opnir. Eins og segir í texta Stuðmanna, „Það sem Bubba Morthens þykir gott og gilt, þykir Hauki frænda helst til villt“ en það er einmitt þetta að sýn okkar breytist með tímanum einfaldlega af því að tónlistarstefnurnar verða samþykktar. Á sama tíma virðist það vera það sem að lýsir þjóðarsál okkar Íslendinga, rétt eins og ég nefndi hér að framan. Umburðarlynd inn við beinið.

Einn orsakavaldur síðafárs er óvönduð eða hlutlæg blaðamennska. Blaðamenn skrifuðu um þessa menningarkíma á þann hátt að fólk fór að hræðast eitthvað jafn saklaust og tónlist. Vissulega eru dæmi um glæpi í tengslum við tónlist en þá þarf e.t.v. að horfa á heildarmyndina, hver raunverulega orsökina eða ástæðan er.

Íslenskt samfélag er viðkvæmt fyrir síðafári vegnar smæðar sinnar. Nýlegasta dæmið um síðafár má til dæmis tengja við Matvælastofnun og óhamingjusömu hæurnar hjá Brúneggjum. Það er margt sem Íslendingurinn fírást útaf, þó að tónlist hafi ekki alltaf verið þar á meðal. Engin raunveruleg hræðsla virðist þó hafa fylgt tónlist hér á landi þó svo að menn hafi getað hneykslast og talað háðslega um nýja tónlist. Það er skiljanlegt að menn hafi fírást yfir djassinum og rokkinu. Það ruddi sér rúms til með látum og var svo frábrugðið því sem fólk átti að venjast. Ísland var þarna komið í samband við umheiminn með hjálp kanans og það var svo spennandi. Rapptónlistin og þungarokkið ögraði, en rappið náði fleirum með



sér og það er sennilega af því að Íslendingar eru rímnafjóð og þarna var komin ný sýn á það. Þungarokkið er á jaðrinum og virðist ekki ætla að fara þaðan. Þrátt fyrir að vera á jaðrinum er þungarokkið samfélagslega samþykkt. Eistnaflug og Skálmöld virðast eiga stóran þátt í þeirri þróun undanfarin ár.

Upphaflega var Ísland lokað bændasamfélag og fiskveiðipjóð og þegar Keflavíkurútvarpið kom til sögunnar breyttist allt. Eftir því sem fólk verður upplýstara virðist raunin vera sú að það dregur úr siðafári. Íslendingar hafa sameinast í tónlist, en varla er hægt að kalla landann tónlistarþjóð að ástæðulausu;

*„Það er eitthvað sem tónlist gerir og nú langar mig einmitt bara líka að strauja svolítið yfir þessi mörk sem eru á milli þungarokks og raftónlistar og klassíkur og hvað það er. Það er einhver svona, ótrúlegur kraftur í kringum tónlist sem maður finnur hvergi annars staðar.“ (Snæbjörn Ragnarsson, 2016)*

Siðafár er vissulega áhugavert og skemmtilegt hugtak að kanna, en það sem er forvitnilegt við niðurstöður þessa verkefnis er hvers vegna þungarokkið vakti ekki upp eins sterk viðbrögð hér á landi og rokkið þegar það kom fyrst. Þungarokkið er mun öfgameira og maður kemst vart hjá því að velta því fyrir sér hvort Íslendingar séu jafnvel hin mesta þungarokksþjóð svona inn við beinið. Óvíst er þó hvað framtíðin ber í skauti sér.

Mig langar að enda þessa greinargerð á orðum Andreu Jónsdóttur sem draga svo vel saman hvers vegna siðafár verður svona áhugavert að skoða í tímans rás;

*„Það er að vísu oft þannig að því er oft meira hampað þessu neikvæða því það náttúrulega verður svo hallærislegt í tímans rás. Það að halda alltaf að æskan sé á leið til glötunar þegar eitthvað svona nýtt kemur.“ (Andrea Jónsdóttir, 2016).*

## Heimildaskrá

### Prentaðar og munnlegar heimildir:

Andrea Jónsdóttir (2016). Viðtal (Í vörslu höfundar).

Alda Áskelsdóttir (2009). *Íslenskir fjölmiðlar þjónar hagsmuna?* Í Rannsóknir í Félagsvísindum X, Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands.

Arnar Eggert Thoroddsen (2017). Viðtal (Í vörslu höfundar).

Arnar Freyr Frostason (2016). Viðtal (Í vörslu höfundar).

Arnett, Jeffery Jensen (2003). *Music at the Edge: The Attraction and Effects of Controversial Music and Young People*. Í *Kids Stuff: Marketing Sex and Violence to America's Children* (bls. 25 -142). Ravitch, Diane og Viteritti, Joseph P. (Ritsstjóri). The Johns Hopkins University Press, Baltimore USA.

Árni Matthíasson (2016). Viðtal (Í vörslu höfundar).

Cohen, S. (2002) *Folk Devils and Moral Panics: The Creation of the Mods and Rockers*. Þriðja útgáfa. Routledge, London.

Critcher, Chas (2008). *Moral Panic Analysis: Past, Present and Future*. Sociology Compass, 2. tölublað: 1127 – 1144. Blackwell Publishing Ltd

Curra, John (2013). *The Reality of Deviance*. Sage Publications, London.

Dilley, Patrick (2000). *Conducting Successful Interviews: Tips for Interpid Research*. Special Issue: Getting Good Qualitative Data to Improve Educational Practice. Bls:131-137.

Drotner, Kirstin (1992). *Modernity and Media Panics*. Í *Media Cultures: Reappraising Transnational Media* (bls.42 - 62), Skovmand, M. og Schroder, Kim C. (ritstj.). Routledge, London og New York.

Gerður Kristný Guðjónsdóttir (2002). *Ég veit þú kemur: Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum 2002*. Mál og Menning.

Gestur Guðmundsson (1990). *Rokksaga Íslands: Frá Sigga Johnnie til Sykurmolanna*. Forlagið. Reykjavík.

Goode, E., Ben-Yehuda, N., (1994b). *Moral Panics: Culture, Politics, and Social Construction*. Annual Review of Sociology, Vol. 20, bls.149-171.

Goode, E., Ben-Yehuda, N., (1994a). *Moral Panics: The social construction of Deviance*. Wiley-Blackwell: Oxford, Bretland.

Gunnar Lárus Hjálmtýrsson (2001). *Eru ekki allir í stuði?: Rokk á Íslandi á síðustu öld*. Forlagið. Reykjavík.

- Gunnar Stefánsson (1997). *Útvarp Reykjavík: Saga Ríkisútvarpsins 1930 – 1960*. Sögufélag.
- Hjelm, Titus, Kahn-Harris, Keith, LeVine, Mark (2011). *Heavy Metal as controversy and counterculture*. Popular Music History: bls. 5-18.
- Jónatan Garðarsson (2016). Viðtal (Í vörslu höfundar).
- Kristján Kristjánsson (2016). Viðtal (Í vörslu höfundar).
- Logi Pedro Stefánsson (2016). Viðtal (Í vörslu höfundar).
- McQuail, D. (2005). *McQuail's mass communication theory*. (5. útgáfa). London: SAGE Publications.
- Ólafur Rastrick (2013). Háborgin: *Menning, fagurfræði og pólitík í upphafi tuttugustu aldar*. Háskólaútgáfan, Háskóli Íslands.
- Park, R.H. og Park, M.P. (1990). *Saint Vitus' Dance: Vital misconception by Sydenham and Bruegel*. Journal of the Royal Society of Medicine. Volume 83.
- Páll Skúlason (1994). *Sex Útvarpserindi*. Háskólaútgáfan, Háskóli Íslands.
- Sims, Martha C. og Stephens, Martine (2005). *Living folklore: An introduction to the study of people and their traditions*. Utah state University Press.
- Snæbjörn Ragnarsson (2016). Viðtal (Í vörslu höfundar).
- Sognefest, Tori (2000). *The Effects of Rock Music* (bls. 219 – 236). Í *The Christian and Rock Music: A Study on biblical principles of music*. Samuele Bacchiocchi (Ritstj.). Biblical Perspectives, Michigan.
- Stefán Magnússon (2016). Viðtal (Í vörslu höfundar).
- Vigdís Osk Howser Harðardóttir (2016). Viðtal (Í vörslu höfundar).
- Weinstein, Deena (2014). Just So Stories: How Heavy Metal Got it's Name – A Cautionary tale. Rock Music Studies, tölublað 1, nr. 1: 36-51. Routledge.
- Wright, Robert (2000). *'I'd sell you Suicide': pop music and moral panic in the age of Marilyn Manson*. Popular Music, 19:365 -385. Cambridge.
- Þorsteinn Eggertsson (2016). Viðtal (Í vörslu höfundar).

## Vefheimildir:

Almenn Hegningarlög, nr. 19/1940. Alþingi. Sótt 17 október 2016 af:  
<http://www.althingi.is/lagas/119/1940019.html>

Alpýðublaðið 6. Mars 1957. *Kvikmyndapáttur*. Sótt þann 1. nóvember 2016 af:  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=68341&pageId=1107342&lang=is&q=segja%20segja%20unga](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=68341&pageId=1107342&lang=is&q=segja%20segja%20unga)

Alpýðublaðið 4. maí 1957. *Rock'n Roll í Austurbæjarbíói: „Upphófst ferlegur larmur á sviðinu og um leið skrækir miklir frá unglungunum“*. Sótt 1. nóvember 2016 af:  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=68386&pageId=1107783&lang=is&q=Tony%20Crombie](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=68386&pageId=1107783&lang=is&q=Tony%20Crombie)

Árni Matthíasson (2003). *Tungan Hárbeitt*. Lesbók Morgunblaðsins bls. 8-10, 23. ágúst 2003. Sótt 15. Október 2016 af:  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=256334&pageId=3568842&lang=is&q=23%20%20E1g%20FAst%202003](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=256334&pageId=3568842&lang=is&q=23%20%20E1g%20FAst%202003)

Björn Kristjánsson (1992). *Vísnapáttur*. Húnavaka, tölublað 1., 32. Árgangur. Sótt 15. desember 2016 af; [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=382509&pageId=6350824&lang=is&q=%20FEungarokk](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=382509&pageId=6350824&lang=is&q=%20FEungarokk)

Blaðamannafélag Íslands vefsíða. *Siðareglur Blaðamannafélags Íslands*. Sótt 17 október 2016 af:  
<http://press.is/press.php>

DV, 2. janúar 1984. *Þungarokk til Hornafjarðar*. Tölublað 1. Bls. 17. Sótt 15. desember 2016 af:  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=189628&pageId=2484888&lang=is&q=%20DEungarokk](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=189628&pageId=2484888&lang=is&q=%20DEungarokk)

DV, 1. júní 1987. *Ekkert þungarokk í útvarpinu!*. Tölublað 121. Bls 15. Sótt 15. desember 2016 af:  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=191163&pageId=2530058&lang=is&q=%20FEungarokk](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=191163&pageId=2530058&lang=is&q=%20FEungarokk)

DV, 16. júní 1987. *Þungarokk og blómafræflar: Er rokkið drepleiðinlegt?*. Tölublað 133. Bls 17. Sótt 15. desember 2016 af:  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=191190&pageId=2530612&lang=is&q=%20DEungarokk](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=191190&pageId=2530612&lang=is&q=%20DEungarokk)

Fanelli, Damian (2014). *August 8, 1966: „Hundreds of Beatles Records Are to Be Pulverized in a Fiant Municipal Tree- Grinding Machine...“*. Sótt 4. nóvember 2016 af:  
<http://www.guitarworld.com/august-8-1966-hundreds-beatles-records-are-be-pulverized-giant-municipal-tree-grinding-machine>

Fréttablaðið 26. mars 2010. *30 Íslenskir tónlistarskandalar*. Bls 48 – 49. Sótt 2. nóvember 2016 af:  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=323617&pageId=5073776&lang=is&q=%20ED%20%20C1rni%20Johansen%20Rottweiler%20Rottweiler](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=323617&pageId=5073776&lang=is&q=%20ED%20%20C1rni%20Johansen%20Rottweiler%20Rottweiler)

Helgafell (1954). *Menning og Varnir: Hugleiðing um Keflavíkurútvarpið og samvinnu vestrænna þjóða*. Sótt 10. maí 2016 af: [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?gegnirId=000557940](http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=000557940)

Jökull Jakobsson (1959). *Lífæð Reykjavíkur*. Vikan, 21. árg. 1. tölublað. Reykjavík. Sótt 2. nóvember 2016 af:

[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=298227&pageId=4430593&lang=is&q=kv%F6ldl%EDf%20g%F6tunnar](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=298227&pageId=4430593&lang=is&q=kv%F6ldl%EDf%20g%F6tunnar)

Karl Jóhann Garðarsson (2006). *Óþjóðhollir starsfhættir: Líf og dauði menningar og frelsis með innreið erlendra dægurlaga*. Tímaritið Faxi, 1 tölublað, 66. árg.: 12-15. Sótt 14. desember 2016 af: <http://mitt.is/faxi/Faxi,%20mars%202006%20low.pdf>

Lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu nr. 23/2013. Alþingi. sótt 2. nóvember 2016 af: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2013023.html>

Morgunblaðið 3. maí 1957. *Rokkað um miðnætti á malbiki*. Sótt 2. nóvember 2016 af: [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=110319&pageId=1310096&lang=is&q=Tony%20Crombie](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=110319&pageId=1310096&lang=is&q=Tony%20Crombie)

Morgunblaðið 9. Nóvember 1995. *Ungmenni til liðs við hvítasunnukirkjuna í Vestmannaeyjum. Brenna „Ókristilegar“ bækur og geisladiska*. Sótt 13. September 2016 af: [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=127908&pageId=1841119&lang=is&q=Ungmenni%20til%20li%F0s%20vi%F0](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=127908&pageId=1841119&lang=is&q=Ungmenni%20til%20li%F0s%20vi%F0)

Morgunblaðið, 21. maí 1987. *Þessir Hringdu*. Tölublað 113. Bls 67. Sótt 15. desember 2016 af: [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=121190&pageId=1656161&lang=is&q=%FEungarokk](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=121190&pageId=1656161&lang=is&q=%FEungarokk)

Morgunblaðið, 7. janúar 1988. *Þessir Hringdu*. Tölublað 4. Bls 63. Sótt 15. desember 2016 af: [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=121578&pageId=1672141&lang=is&q=%FEungarokk](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=121578&pageId=1672141&lang=is&q=%FEungarokk)

Muninn 1. febrúar, 1957. *Það var auðvitað eintóm sæla: viðtal við frú Sjöfn Sigurbjörnsdóttir*. Sótt 1. nóvember 2016 af: [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=307920&pageId=4688145&lang=is&q=rokki%F0%20Rokki%F0](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=307920&pageId=4688145&lang=is&q=rokki%F0%20Rokki%F0)

Nútíminn 23. ágúst 2015. *Gísli Pálmi blótaði 39 sinnum á Arnarhóli og í beinni á RÚV; „Djöfull eru þið fokking æðisleg!“*. Sótt 2. nóvember 2016 af: <http://nutiminn.is/gisli-palmi-blotadi-39-sinum-a-arnarholi-og-i-beinni-a-ruv-djofull-eru-thid-fokking-aedisleg/>

Nina Simone. Vefsíða. sótt 2. nóvember 2016 af: <http://www.azquotes.com/quote/390711>

O'Brien, Odhran (2015). *Moral Panic in HipHop*. Sótt 5. september 2016 af: <https://odhranobrienpma.wordpress.com/2015/11/04/moral-panic-in-hip-hop/>

Pétur Pétursson (2004). *Ólögleg útvarpsstöð*. Morgunblaðið 65. tölublað. Sótt 2. nóvember 2016 af: [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=252797&pageId=3510322&lang=is&q=P%C9TUR%20P%C9TURSSON](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=252797&pageId=3510322&lang=is&q=P%C9TUR%20P%C9TURSSON)

Rjóminn (2010). *Andkristnihátíðin 2010*. Sótt 15. desember 2016 af: <http://rjominn.is/2010/12/21/andkristnihati%C3%B0-2010/>

RÚV (2014) *Breytingar á skipulagi yfirstjórnar Ríkisútvarpsins*. Sótt 2. nóvember 2016 af: <http://www.mbl.is/media/62/7362.pdf>

Samtíðin 1. maí, 1957. *Samtíðarhjólin*. Sótt 1. Nóvember 2016 af:  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=325286&pageId=5064157&lang=is&q=Rokki%F0](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=325286&pageId=5064157&lang=is&q=Rokki%F0)

Sigurður Harðarson (2000). *Andkristnihátíð*. Morgunblaðið, tölublað 258, bls. 70. Sótt 15. desember 2016 af:  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=133465&pageId=1983843&lang=is&q=Andkristnih%E1t%ED%F0%20Andkristnih%E1t%ED%F0](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=133465&pageId=1983843&lang=is&q=Andkristnih%E1t%ED%F0%20Andkristnih%E1t%ED%F0)

RUV (Vefsíða). *Starfssemi og stefna Ríkisútvarpsins*. Sótt 2. nóvember 2016 af:  
<http://www.ruv.is/ruv-okkar-allra/starfsemi-og-stefna>

Stofnun Árna Magnússonar (2014). *Fréttabréf 4/2014. Lífandi arfur í nútímanum*. Sótt 15. desember 2016 af: [http://www.arnastofnun.is/page/frettabref\\_4\\_2014&detail=1028468](http://www.arnastofnun.is/page/frettabref_4_2014&detail=1028468)

Strong, Catherine (2015). *The Case for extreme metal*. The Conversation (Vefsíða). Sótt 15. desember 2016 af: <http://theconversation.com/the-case-for-extreme-metal-45770>

Swanson, Dave (2015). *The Story of the Beatles „Helter Skelter“*. Á Ultimate Classic Rock (Vefsíða). Sótt 15. desember 2016 af; <http://ultimateclassicrock.com/beatles-record-helter-skelter/>

The History Place. *The Triumph of Hitler: Burning of Books*. Sótt 1. nóvember 2016 af:  
<http://www.historyplace.com/worldwar2/triumph/tr-bookburn.htm>

Vera Illugadóttir (2013). *Geisladiska- og Bókabrenna í Vestmannaeyjum*. Lemúrin. Sótt 15. apríl 2016 af: <http://lemurinn.is/2013/02/12/geisladiska-og-bokabrenna-i-vestmannaeyjum/>

Vísir. 27. febrúar 2016. *Ágústa Eva: “Aldrei skammast mín jafn mikið og nú”*. Sótt 2. nóvember 2016 af: <http://www.visir.is/agusta-eva---aldrei-skammast-min-jafn-mikid-og-nu-/article/2016160228957>

Vísir 7. maí 1957. *Múgsefjun, öskur og hávaði*. Sótt 2. nóvember 2016 af:  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=83562&pageId=1187993&lang=is&q=Tony%20Crombie](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=83562&pageId=1187993&lang=is&q=Tony%20Crombie)

Zylinska, Joanna (2004). *Guns n' Rappers: Moral Panics and the Ethics of Cultural Studies*. Culture Machine, vol. 6. Sótt 15. október 2016 af:  
<http://culturemachine.net/index.php/cm/rt/prinFrierly/7/6>

Þjóðlíf 1. nóvember 1989. *Útvarp Kölski FM 66.6: HAM*. Sótt 15. desember 2016 af:  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=379071&pageId=6218107&lang=is&q=%FEungarokk](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=379071&pageId=6218107&lang=is&q=%FEungarokk)

Þjóðviljinn 20. maí 1953. *Bæjar pósturinn: Sýnum gamla fólkinu og börnunum kurteisi – lærum að stilla útvarpstækin rétt*. Sótt 5. Nóvember 2016 af:  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=214661&pageId=2763563&lang=is&q=kana%FAtvarp](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=214661&pageId=2763563&lang=is&q=kana%FAtvarp)